



Þessir duglegu menn unnu hörðum höndum við steiningu þessa fallega húss við Mávahlíð í Reykjavík í gær. Steining er gamalreynnd aðferð við frágang útveggja sem fundin var upp á Íslandi upp úr 1930. Líklega má finna yfir 3.000 hús hér á landi sem steinuð eru með hrafntinnu-, kvars- eða skeljamulningi og þykja þau í augum margra mikil þrýði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Settu um 300 milljónir króna í Morgunblaðið

**VIÐSKIPTI** Hlutfé þórsmerkur, eiganda Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins og tengdra miðla, var aukið um 300 milljónir að nafnvirði í maí, úr 607 milljónum í tæplega 907 milljónir. Fyrir hlutfjárakninguna voru stærstu hluthafar Árvakurs Ísfélag Vestmannaeyja, Kaupfélag Skagfirðinga og Ramses, félag Eyþórs Arnalds.



**Davíð Oddsson,** annar ritstjóri Morgunblaðsins.

Hlutfé þórsmerkur var aukið um 200 milljónir í fyrra til að bæta fjárhagsstöðuna. – þfh / sjá Markaðinn

## Vantar mikið upp á

Hundruð milljóna vantar upp á að RÚV uppfylli kröfur samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kaup af sjálfstæðum framleiðendum.

**STJÓRNSÝSLA** Rúmlega 195 milljónir króna vantar upp á að Ríkisútvarpið ohf. standi við skuldbindingar sínar í þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kaup af sjálfstæðum framleiðendum, þegar miðað er við skilgreiningu ráðuneytisins á hugtakinu. Samkvæmt þjónustusamningnum þurfti Ríkisútvarpið að verja 756 milljónum í fyrra í kaup á efni og þjónustu af óháðum fyrirtækjum eða tækjaleigu.

Fram kemur í ársskýrslu fyrir árið 2019, að Ríkisútvarpið hafi náð settu marki. Samkvæmt yfirliti sem afhent var í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar um upplýsinga-

**» Rúmlega 195 milljónir vantar upp á að Ríkisútvarpið standi við skuldbindingar sínar í þjónustusamningnum.**

mál, kemur í ljós að stór hluti er í raun verktakagreiðslur. Í yfirliti fyrir árið 2019 er að finna greiðslur vegna þáttar sem eru ekki í yfirlitinu fyrir 2018, þó að þátturinn hafi verið á dagskrá bæði árin. Stjórnandi útvarpsþáttar sem var á dagskrá bæði 2018 og 2019 kannast ekki við að neitt hafi breyst á milli ára, þó að árið 2019 hafi hann verið skil-

greindur sem sjálfstæður framleiðandi. Mun hann hafa spilað tónlist og þegið fyrir það verktakagreiðslur.

Fjölmiðlanefnd hefur það hlutverk að gera mat á almannahlutverki Ríkisútvarpsins. Nýjasta matið, fyrir árið 2017, miðar einungis við upplýsingar úr ársskýrslu. Svör nefndarinnar gefa til kynna að hún hafi hvorki fengið afhent yfirlit yfir greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda, né hafi nefndin kallað eftir upplýsingum til staðfestingar. Þá telur nefndin það ólíklegt að verktakagreiðslur til einstaklinga geti flokkast sem kaup af sjálfstæðum framleiðendum.

– ab / sjá síðu 6


## Fá rúmlega 300 milljóna bónus

**VIÐSKIPTI** Stjórnarmenn og tveir íslenskir stjórnendur Klakka, eignarhaldsfélags sem seldi fyrr á árinu 100 prósentu hlut sinn í eignaleigu-fyrirtækinu Lykli, munu fá samtals um 310 milljónir króna í bónusa vegna árangurs við sölu á eignum félagsins á undanförunum árum. Bónusgreiðslur til fimm manna stjórnar Klakka, tveggja Íslendinga og þriggja Breta, nema að meðaltali um 50 milljónum króna á mann.

Tillaga um bónusgreiðslurnar, sem var lögð fram af Burlington Loan Management, félagi í eigu bandaríska vognarsjóðsins Davidson Kempner, var samþykkt á aðalfundi Klakka á mánudag. Til stendur að inna greiðslurnar af hendi á þessu ári eða síðar.

Birta lífeyrissjóður var eini hluthafinn sem greiddi atkvæði gegn greiðslunum. – hae / sjá Markaðinn

## Veður



Suðlæg eða breytileg átt 3–10 í dag. Rigning á Suðausturlandi og Austfjörðum. Skúrir í öðrum landslutum, sums staðar hellidembur á Suður- og Vesturlandi eftir hádegi og mögulega eldingar og haglél á stöku stað. **SJÁ SIÐU 16**



Mörg hótél landsins hafa staðið auð vegna COVID-19 faraldursins.

## Kapphlaup um íslenska viðskiptavini

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tuttugu og fimm íslensk stéttarfélög hafa samið við 43 hótél, hótélkeðjur og gistiheimili um umtalsverðan afslátt af gistingu. Meðlimirnir í þessum félögum geta keypt inneign, sem kallast ferðaávísun, sem veitir aðgang að tilboðunum. Ávísunina er hægt að nota hvenær sem er hjá samstarfsaðilunum 43. Flest félögin 25 niðurgreiða auk þess gistinguna, sum um allt að 50 prósent. Þannig njóta um 100 þúsund manns nú sérkjara á gistingu, í gegnum orlofsvefi félaganna.

Hótél landsins hafa frá því COVID-19 kom upp staðið meira og minna auð. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki hafa reynt að höfða til innlends markaðar til að sporna við tekjufallinu. Þannig má nefna að forsvarsmenn Edduhótela hófu á dögunum að selja tíu nætur saman í pakka á 99 þúsund krónur. Auk þess er skemmt að minnast „Skvísuferðar“, sem Fréttablaðið greindi frá, þar sem úrval kvenkyns áhrifavalda fór í ævintýraferð á Suðurlandi í boði íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja.

Stéttarfélögin hafa nú tekið þátt í þessari þróun með því að veita félagsmönnum aðgang að tilbodskjörum á hótélgistingu og niðurgreiða gistingu. Algengt tilbodsverð á umræddum hótélum og gistiheimilum er á bilinu 10 til 15 þúsund krónur fyrir nótt í tveggja manna herbergi með uppþúnum rúmum. Af þessari upphæð dregst niðurgreiðsla hvers félags, sem er mismunandi mikil. – **bj**

## Reiðnámskeið í rigningunni



Stóllurnar Þórdís Anna og Svava komu kátar úr reiðtúr í hellidembu með hestana Heiðu og Tígul í gær. Þær eru á reiðnámskeiði þessa dagana hjá hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ. Vinkonurnar mega búist við rigningu aftur í dag en geta vonandi skilið regnfötin eftir heima á fimmtudag á höfuðborgarsvæðinu, þurru og hlýju er spáð þann daginn. Rigningin lætur þó að öllum líkindum sjá sig aftur á föstudag. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**



Disney+ kemur til Íslands í haust.

## Disney+ til Íslands

**MENNING** Streymisveitan Disney+ verður aðgengileg Íslendingum þann 15. september á þessu ári. Þetta kemur fram í tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Mánaðarleg áskrift mun kosta Íslendinga 6,99 evrur sem er á gengi dagsins um ellefu hundruð krónur. Þá verður einnig hægt að greiða árgjald í stað mánaðargjalds sem verður um ellefu þúsund krónur.

Disney+ verður einnig aðgengilegt í Portúgal, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Belgíu og Lúxemborg sama dag og hér á landi. Á streymisveitunni má finna yfir þúsund kvikmyndir og þætti. – **bj**

## Þetta er framtíðin í rusli

Baldur og Adrian tóku málin í eigin hendur og hönnuðu flokkunartunnu sem hentar íslenskum aðstæðum. Þeir segja framtíð ruslsins felast í flokkun.

**SAMFÉLAG** Mikil vitundarvakning hefur orðið í endurvinnslumálum síðustu ár eins og landsmenn hafa eflaust tekið eftir. Það hefur því í raun bara verið tímaspursmál hvenær skipt yrði út þeim ruslatunnum í almenningsrýmum sem nú eru í notkun, en þær eru eingöngu fyrir almennt rusl. Í dag verður kynnt ný flokkunartunna sem hlotið hefur heitið Borgartunnan.

„Við förum nefnilega af stað með þetta verkefni af því að það vantaði lausn sem hentar fyrir íslenskar aðstæður og tókum því málin í okkar eigin hendur,“ segir Baldur Helgi Snorrason, annar hönnuður tunnunnar.

Baldur hefur undanfarin ár sérhæft sig meðal annars í hönnun og smíði á götugögnum. Meðhönnuður hans, Adrian Freyr Rodriguez, leiddi tæknilega útfærslu hönnunarinnar.

„Þetta er ákveðið vörupróunarfæri og þó að fyrsta frumgerð sé tilbúin þá erum við enn að gera betrumbætur. Næsta frumgerð er á teikniborðinu,“ segir Adrian.

„Það er okkar álit að ef flokkun á rusli verður gerð víðtækari og aðgengilegri verður fólk líklegra til þess að flokka, bæði heima hjá sér og á götum úti,“ segir Baldur.

Umræða um flokkunarmál hefur aukist mikið undanfarin ár og náði nýju hámarki í haust í ljósi aukinnar umfjöllunar um loftslagsbreytingar af mannavöldum.

„Ég flokka sjálfur og er góður í að láta fólk sem flokkar ekki fá samviskubit. Ég beiti ýmsum aðferðum,“ segir Adrian.

„Ég veit að umhverfisráðherra er að skoða þann möguleika að skylda heimili og fyrirtæki til þess að flokka rusl og setja á svokallaðan urðunarskatt, sem er fagnaðarefni. Það skýtur því skökku við að rusl sem fólk hendir í almenningsrýmum borgarinnar sé ekki flokkað,“ segir Baldur.



Baldur er annar hönnuður Borgartunnunnar. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**



Fyrsta Borgartunnan verður frumsýnd á Hafnartorgi á morgun.

„Ætli þetta sé ekki bara tímaspursmál hvenær tunnum, sem eru ætlaðar fyrir almennt sorp, verði skipt út fyrir flokkunartunnur. Ef flokkun verður víðtækari á götum borgarinnar verður fólk líklegra til þess að flokka heima hjá sér og öfugt,“ segir Adrian.

**Rusl og flokkunarmál eru mál sem varða okkur öll.**

Baldur Helgi Snorrason

Stefnt er á að hafa tunnurnar liflegar og skemmtilegar, jafnvel laga þær að hverju hverfi.

„Það er nefnilega hægt að fá tunnur í alls konar gerðum og litum og laga þannig að mismunandi áherslum hverfa eða sveitarfélaga,“ segir Adrian.

„Rusl og flokkunarmál eru mál sem varða okkur öll. Verkefni sem stila inn á samfélagslegar betrumbætur verða seint leiðinleg eða óáhugaverð,“ segir Baldur. **steingerdur@frettabladid.is**

## KOMDU MEÐ!

Árleg fjölskylduganga Ljóssins fer fram miðvikudaginn 24. júní.

Lagt verður af stað upp í hlíðar Esju kl. 11:00.

Hver og einn gengur á sínum hraða og eins langt og hann treystir sér til.

Við hvetjum alla ljósbera og aðstandendur, sem og allt okkar velgjörðarfólk til að ganga með okkur.

Starfsfólk Ljóssins



www.ljosid.is



# Tillögurnar okkar í COVID-19

## Samfylkingin hefur lagt fram lausnir á Alþingi fyrir heimili og fyrirtæki

### Hærrí atvinnuleysisbætur

- Atvinnuleysisbætur hækki úr 289.510 kr. í 314.720 kr.
- Hlutfall tekjutengdra atvinnuleysisbóta af meðaltali heildarlauna hækki tímabundið úr 70% í 100%
- Framfærsla með hverju barni hækki um 50% (samþykkt)

### Námsmenn og heimsfaraldurinn

- Námsmönnum tryggður réttur til atvinnuleysisbóta í sumar
- Aðgengi námsmanna að geðheilbrigðisþjónustu verði bætt
- Starfsnám iðnnema verði tryggt með auknu fjármagni
- Menntastofnunum verði gert kleift að taka við fleiri nemendum

### Sveitarfélög og COVID-19

- Aukið fjármagn til sóknaráætlana landshluta
- Framkvæmdasjóður aldraðra verði styrktur
- Byggðar verði fleiri almennar leiguíbúðir
- Átak verði gert í íslenskukennslu atvinnuleitenda af erlendum uppruna

### Aukin fjárfesting

- Hærrí álagsgreiðslur til framlínufólks, óháð vinnustað
- Aukið fjármagn í nýsköpun, sprotastarfsemi og tækniþróun
- Aukið fjármagn í verklegar framkvæmdir um allt land
- Fjölgun listamannalauna og stórsókn í kvikmyndagerð
- Aukið fjármagn til SÁÁ og íþróttamála
- Hærrí greiðslur til eldri borgara, öryrkja og fjölskyldna langveikra barna
- Aukið fjármagn til grænmetisræktar og skógræktar
- Beinir styrkir til lítilla fyrirtækja
- Aukinn stuðning til fjölmiðla
- „Allir vinna“ náí til kvennastétta

### Skilyrði fyrir stuðningi ríkisins

- Fyrirtæki með tengsl við skattaskjól fái ekki stuðning skattgreiðenda
- Krafa um loftslagsbókhald og áætlun til næstu fimm ára um minni losun gróðurhúsalofttegunda
- Fyrirtæki endurgreiði stuðning eftir því sem afkomubati leyfi
- Pak á laun stjórnenda

Allar tillögur Samfylkingarinnar nema ein voru felldar. Það skiptir máli hverjir stjórna.

## ELDHÚSDAGSUMRÆÐUR

## Ari Trausti Guðmundsson

Þingmaður Vinstri grænna

En um leið ber þingmanni að ábyrgjast að Alþingi geti afgreitt stjórnarmál innan hóflegra, rökstuddra og lýðræðislegra tímamarka. Ella verður jafnt málfrelsi sem þingbundna lýðræðið að grátbroslegu og skemmandi leikriti sem hvorki er þingmanni sæmandi né samfélaginu polanlegt.



## Þórhildur Sunna Ævarsdóttir

Þingmaður Pírata

Við getum heldur ekki látið eins og sá kerfisbundni rasismi sem enn viðgengst vestanhafs þekktist ekki á litla, sæta Íslandi. Hann birtist skýrt í því grimmilega frumvarpi sem ríkisstjórn Katrinar Jakobsdóttur hefur nú lagt fram í þriggung til að veikja réttarstöðu flóttafólks.



## Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

ráðherra Sjálfstæðisflokksins

Við þurfum að kasta þeirri ranghugmynd að hagræðing feli í sér niðurskurð á þjónustu. Við höfum einfaldlega ekki efni á því að reka stóru kerfin okkar með óbreyttum hætti. Það var orðið ljóst löngu fyrir COVID. Þarna er verkefni sem við getum ekki einfaldlega velt yfir á komandi kynslóðir.



Ráðherrar og þingmenn hlýddu á eldhúsdagsumræðurnar sem fram fóru í gærkvöldi á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Niðurskurður fylgir ekki alltaf hagræðingu

Heimsfaraldurinn og kreppa voru þingmönnum ofarlega í huga í eldhúsdagsumræðum í gær en einnig loftslagsmál og ýmsar viðbragðsaðgerðir stjórnarinnar. Einnig var fjallað um Menntasjóð, málþóf, fæðuöryggi og vanliðan.

## Andrés Ingi Jónsson

utan flokka

Samdráttur í þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem er á beinni ábyrgð stjórnvalda er áætlaður 35%. Þetta markmið í nýju áætluninni er það sama og í þeirri fyrri, þar sem boðaður var 30–40% samdráttur í losun. Metnaður ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er sem sagt sá sami – nánast upp á prósentustig – og hann var fyrir tveimur árum.



## Hanna Katrín Friðriksson

Þingmaður Viðreisnar

Annað hlutverk samfélagsins og sannarlega engu ómerklegra, er að vernda hag þeirra sem falla ekki í hópinn. Sama af hvaða ástæðum það er. Kannski með því að brjóta gegn viðurkenndum reglum. Kannski bara með því að vera öðruvísi. Hið eiginlega skjól felst í því að við stöndum alltaf vörð um áunnið persónufrelsi.



## Inga Sæland

Þingmaður Flokks fólksins

Það er staðreyndin. Flokkur fólksins á 18 mál liggjandi inni í nefndum núna rétt fyrir sumarfrí, 18 mál, öllsömul mál sem eru til hagsbóta fyrir fátækasta fólkið í landinu, allt mál fyrir fátækasta fólkið í landinu. Og svo furða stjórnsmálsmenn sig á því að Alþingi, hið háa Alþingi, njóti ekki trausts. Það er til fleira í landinu en fyrirtæki.



## Silja Dögg Gunnarsdóttir

Þingmaður Framsóknarflokksins

Framsóknarflokkurinn hefur alla tíð lagt mikla áherslu á fæðu- og orkuöryggi. Við viljum að tryggt sé að við séum að mestu sjálfbær í matvæla- og orkuframleiðslu. Í kófinu varð þessi Framsóknarmennska landans áberandi. Það staðfesti þá trú mína að öll erum við Framsóknarfólk inn við beinið.



## Gunnar Bragi Sveinsson

Þingmaður Miðflokksins

Ég sakna þess að ekki sé meira rætt um mikilvægi íslensks landbúnaðar. Eitt af því fyrsta sem var athugað er kórónuveirufaraldurinn skall á okkur var hvernig íslenskur landbúnaður stæði, hvort ekki væri tryggt að næg matvæli væru til og framleiðslan truflaðist ekki. Landbúnaðinn þarf að verja og efla með öllum ráðum.



## Ágúst Ólafur Ágústsson

Þingmaður Samfylkingarinnar

Við sem samfélag erum núna að kljást saman við veiru. En við þurfum líka að berjast saman gegn vanliðan, þunglyndi, einmannaleika og fikn. Þessir sjúkdómar drepa líka.



## YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐURKJÖRTÆMIS TILKYNNIR:

Á meðan kosning til embættis Forseta Íslands fer fram, laugardaginn 27. júní 2020, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi þar sem talning fer einnig fram að loknum kjörfundi.

Símanúmer yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis eru 664 1890 og 692 5900, sími á talningarstað verður 664 2313.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis, 22. júní 2020.

Þórir Haraldsson, oddviti,  
Sigrún G. Bates,  
Unnar Steinn Bjarnald,  
Jóhanna Njálisdóttir,  
Magnús Matthíasson

## Píratar bæta við sig en Framsókn tapar fylgi

Píratar bæta mestu við sig, 1,7 prósentum, milli kannana sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið. 13,6 prósent segjast ætla að kjósa flokkinn nú en hann fékk 9,2 prósent í alþingiskosningunum árið 2017.

Tveir stærstu flokkarnir bæta einnig við sig milli kannana. Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur með 23,1 prósent og Samfylkingin með 16,1.

Miðflokkurinn og Viðreisn bæta einnig við sig en sú bæting er óveruleg. Mælist Miðflokkurinn með 8,9 prósent og Viðreisn með slétt 10.

Vinstri græn tapa óverulegu fylgi milli kannana og mælast með 11,5 prósent fylgi en Framsóknarflokkurinn tapar 1,2 prósentum og mælist með 7,2.

Sósíalistaflokkurinn og Flokkur fólksins ná hvorugir yfir 5 prósentu þröskuldinn, sem er lágmarkið til þess að fá jöfnunarþingmann. Sósiálistar tapa 0,7 prósentum og mælast með 3,8. Flokkur fólksins

## Fylgi stjórnmálaflokkanna

	Kosningar 2017	4.5.2020	18.6.2020
Sjálfstæðisflokkurinn	25,3%	22,4%	23,1%
Samfylkingin	12,1%	15,0%	16,1%
Píratar	9,2%	11,9%	13,6%
Miðflokkurinn	10,9%	8,6%	8,9%
Viðreisn	6,7%	9,8%	10,0%
VG	16,9%	11,8%	11,5%
Framsóknarflokkurinn	10,7%	8,4%	7,2%
Sósíalistaflokkurinn		4,5%	3,8%
Flokkur fólksins	6,9%	4,4%	4,4%
Aðrir flokkar	1,5%	3,3%	1,4%

er sem fyrr með 4,4 prósentu fylgi.

Þegar lítið er til kyns kemur í ljós að Vinstri græn hafa mun meira fylgi hjá konum en körlum, 18 prósent á móti 7. Miðflokkurinn höfðar mun meira til karla en kvenna, eða 13 prósent á móti 4. Kynjamunur annarra flokka er óverulegur.

Þegar lítið er til aldurs kemur í ljós að Píratar njóta meira fylgis hjá yngri kjósendum, mest 25 prósent hjá 35 til 44 ára. Miðflokkurinn er vinsælli hjá eldri kynslóðinni, 15

prósentum 65 ára og eldri, en hefur aðeins 4 prósentu fylgi hjá 25 til 34 ára.

Munurinn á fylgi eftir búsetu er mestur hjá Framsóknarflokki. En 13 prósent landsbyggðarfólks myndu kjósa flokkinn nú en aðeins 4 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Könnunin var send á könnunarhóp Zenter rannsókna og var gerð 15. til 18. júní síðastliðinn. Í úrtaki voru 2.500 einstaklingar, 18 ára og eldri, en svarhlutfall var 50,5 prósent. – **hgr**



# ÚTILEGUDAGAR

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTILEGUVÖRUM 24.-28. JÚNÍ



COLEMAN SPRUCE FALLS 4 PLUS  
74.995 KR  
59.996 KR



EUROM RAFMAGNSHITARI  
8.995 KR  
7.196 KR



BARDANI UNICORN STÓLL  
6.995 KR  
5.596 KR



COLEMAN KOBUK VALLEY 2  
22.995 KR  
18.396 KR



CAMPINGAZ POTTASETT  
6.995 KR  
5.596 KR



COLEMAN DECK STÓLL  
16.995 KR  
13.596 KR



PRIMUS LOKE TJALDHITARI  
15.995 KR  
12.796 KR



COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI  
14.995 KR  
11.996 KR



COLEMAN FRISCO SVEFNPOKI  
8.995 KR  
7.196 KR



BARDANI MUSICA BORD  
17.995 KR  
14.396 KR



CAMPINGAZ PLUS KÆLIBOX 28L  
28.995 KR  
23.196 KR



CAMPINGAZ CAMP BISTRO 300  
10.995 KR  
8.796 KR



CAMPINGAZ XTRA SINGLE LOFTDÝNA  
6.995 KR  
5.596 KR

\*Verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur

Ferðumst **innanlands** í sumar

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

# Hundraða milljóna króna misræmi

Þegar yfirlit yfir kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum á síðasta ári er borið saman við skilgreiningu ráðuneytisins kemur í ljós misræmi upp á hundruð milljóna króna. Fjölmíðlanefnd telur ólíklegt að verktakagreiðslur flokkist sem kaup á efni.

**STJÓRNSÝSLA** Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árið 2019 segir að kröfur sem gerðar eru í þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi verið uppfylltar þegar kom að kaupum á efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Samkvæmt þjónustusamningnum, sem gerður var árið 2016, þurfti Ríkisútvarpið að verja 11 prósentum af heildartekjum sínum í kaup á sjálfstæðri framleiðslu.

Samkvæmt skilgreiningu ráðuneytisins er sjálfstæður framleiðandi fyrirtæki sem er ekki undir yfirráðum fjölmíðlaveitunnar, hvorki með beinum eða óbeinum hætti. Sömu skilgreiningu er að finna í fjölmíðlalögum. Ríkisútvarpið skilgreinir hins vegar sjálfstæðan framleiðanda sem „seljandi tilbúins efnis eða umsjónarmaður eða framleiðandi efnis“. Ekki hafa fengist svör frá Ríkisútvarpinu um hvaðan þessi skilgreining kemur önnur en að hún sé eðlileg.

Í yfirlitinu yfir sjálfstæða framleiðendur, sem afhent var Fréttablaðinu í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar um upplýsingamál, má finna fjölmarga aðila sem falla ekki undir skilgreiningu ráðuneytisins á sjálfstæðum framleiðanda. Til að uppfylla þjónustusamninginn þurfti Ríkisútvarpið að kaupa efni að andvirði 756 milljónir króna í fyrra, þegar yfirlitið er borið saman við skilgreiningu ráðuneytisins kemur



Samkvæmt ársskýrslu fyrir árið 2019 varði Ríkisútvarpið 766 milljónum króna í kaup af sjálfstæðum framleiðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

í ljós að kaupin voru í raun um 511 milljónir króna. Í viðauka við þjónustusamninginn segir að aðkeypt þjónusta á borð við talsetningu og tækjaleiga megi bæta upphæðina,

en það var um 59 milljónir í fyrra.

Af þeim rúmu 195 milljónum sem upp á vantar var tæplega 38 milljónum varið í dagskrárgerð á þáttum sem framleiddir voru af

## Um sjálfstæða framleiðendur

**Þjónustusamningur frá 2016:** „Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. [...] Ríkisútvarpið skal verja til þess að lágmarki 8 prósent af heildartekjum á árinu 2016, 9 prósent árið 2017, 10 prósent árið 2018 og 11 prósent árið 2019.“

**Skilgreining ráðuneytisins á sjálfstæðum framleiðanda:** „Sjálfstæður framleiðandi hljóð-

eða myndefnis er fyrirtæki sem jafnframt er sjálfstæður lögaðili, óháður viðkomandi fjölmíðlaveitu í þeim skilningi að hann er ekki undir beinum eða óbeinum yfirráðum hennar, hvorki sér né sameiginlega með öðrum, og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu.“

**Skilgreining Ríkisútvarpsins ohf. á sjálfstæðum framleiðanda:** „Seljandi tilbúins efnis eða umsjónarmaður eða framleiðandi efnis.“

Ríkisútvarpinu og 157 milljónum í verktakagreiðslur.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu eru verktakagreiðslur taldar með „ef verkefnið er þannig sett upp“. Nokkrir viðmælendur Fréttablaðsins voru undrandi á að vera skilgreindir sem sjálfstæðir framleiðendur þar sem þeir hafi einungis litið á sig sem verktaka en aðrir höfðu ekki áhuga á að ræða fyrirkomulagið.

Eftirlit er í höndum Fjölmíðlanefndar. Í nýjustu skýrslunni, sem er fyrir árið 2017, er eingöngu miðað við heildartöluna sem birt er í ársskýrslunni. Svör nefndarinnar gefa til kynna að nefndin hafi hvorki fengið afhent yfirlit yfir greiðslur

til sjálfstæðra framleiðenda til að kanna hvort í raun sé um að ræða sjálfstæða framleiðendur né hafi nefndin kallað eftir þeim upplýsingum. Telur nefndin það ólíklegt að einstaklingar geti verið skilgreindir sem sjálfstæðir framleiðendur. Þá er óvíst hvaða áhrif það hefur á mat Fjölmíðlanefndar ef Ríkisútvarpið uppfyllir ekki skilyrði þjónustusamningsins.

Þjónustusamningurinn frá 2016 rann út um áramót. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti drög að nýjum þjónustusamningi við Ríkisútvarpið fyrir ríkisstjórn fyrir síðustu jól, en hann hefur ekki enn litið dagsins ljós. [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)



## Tónleikar Fríkirkjan í Reykjavík

Fimmtudaginn 25. júní kl. 20 fagnar  
Sönghópurinn við Tjörnina sumri og sól ásamt  
Hljómsveitinni Möntru.

Flutt verður fjölbreytt tónlist eftir KK, Pétur Ben,  
Egil Ólafsson, Sigurð Flosason og  
Tómas R. Einarsson við ljóð Aðalsteins Ásberg,  
Halldórs Laxness og Vilborgar Dagbjartsdóttur.

Aðgangur ókeypis.



Guðmundur hefur ekki náð sér eftir gæsluvarðhalds- og einangrunarvist sem hann sætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ríkið dæmt bótaskyld í annað sinn

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt ríkið til að greiða Guðmundi R. Guðlaugssyni rúmar 5,6 milljónir króna í bætur, til viðbótar við þær tvær milljónir sem honum voru dæmdar í miskabætur árið 2017.

Bæturnar fær hann vegna tekjuforsvars sem hann varð fyrir á tveggja ára tímabili, í kjölfar fjölda þvingunarráðstafana lögreglu, sem beindust að honum að ósekju við rannsókn á fíkniefnamisferli sonar hans fyrir tæpum áratug. Guðmundur var óvinnufær í tvö ár eftir atburðina, vegna andlegra veikinda sem matsmenn rekja til aðgerða lögreglu gegn honum.

Í forsendum héraðsdóms er einkum litið til þess að Guðmundi „var gert að sæta verulega íþyngjandi rannsóknaraðgerðum sem að hluta til var beint að honum að ósekju samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli

» Héraðsdómur Reykjavíkur féllst aðeins á kröfu Guðmundar um bætur fyrir tímabundið tekjutap, upp á rúmar 5,6 milljónir króna.

nr. 345/2016, sem matsmenn telja afleiðingu þess að [hann] glimdi við verulega alvarleg andleg veikindi á framangreindu tveggja ára tímabili.“

Málið sem nú fór fyrir héraðsdóm varðaði atvinnumissi Guðmundar í kjölfar lögregluáðgerðanna, og kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm sinn í gær. Upprunaleg krafa Guðmundar hljóðaði upp á

tæpar 60 milljónir króna, en hann breytti kröfugerð sinni og féll frá kröfu um varanlega örorku í mars.

Endanleg krafa hans hljóðaði þó upp á rúmar 15 milljónir króna, annars vegar vegna tekjuforsvars við atvinnumissinn, en hins vegar vegna varanlegs miska og þjáningarbóta vegna aðgerða lögreglu sem sneru að handtöku hans, gæsluvarðhaldsúrskurði og upphafi gæsluvarðhaldsins.

Héraðsdómur Reykjavíkur féllst aðeins á kröfu Guðmundar um bætur fyrir tímabundið tekjutap, upp á rúmar 5,6 milljónir króna með vöxtum frá því í apríl 2010. Kröfu hans um bætur vegna varanlegs miska og þjáningarbóta var vísað frá dómi. Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður Guðmundar, staðfestir við Fréttablaðið að þeim kröfum sem vísað var frá dóminum verði áfrýjað til Landsréttar. – ókp

# MÚRBÚÐIN HAFNARFIRÐI 1 ÁRS!

## AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM



**Kaliber Ferðagasgrill**  
**23.184**  
 Áður kr. 28.980

**Kaliber**  
 PREMIUM GRILL



**20% AFSLÁTTUR**



**15% AFSLÁTTUR**

**Kaliber gasgrill**  
 3 brennarar (9kW).  
 Grillflötur 60x42cm

**33.992**  
 Áður kr. 39.990

Prýstijafnarar fylgja öllum grillum

**35.988**

Áður kr. 44.985  
**MOWER CJ18**  
 BS 3,5hp Briggs&Stratton mótör, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-80mm/10

**20% AFSLÁTTUR**



BRIGGS & STRATTON

**23.188**

Áður kr. 28.985  
**Sláttuorf Mow FBC310**  
 Sláttuorf: 1 cylinder loftkældur mótör. 0,7 kW  
 Rúmtak 31CC, Stærð bensintanks 0,65 L

**20% AFSLÁTTUR**



**59.916**

Áður kr. 74.895  
**MOWER CJ20**  
 Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótör. Rúmtak 163 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst., safnpoki að aftan 70 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-80mm/8

**20% AFSLÁTTUR**



**10% AFSLÁTTUR**

**Lavor háprýstidæla Ninja Plus 130**  
 Orka Max: 1800W  
 Prýstingur Max: 130 bör  
 Vatnsflæði Max: 420 l/klst

**13.491**

Áður kr. 14.990



**Lavor háprýstidæla HPC Galaxy 150**  
 Orka: 2100 W max  
 Hámarksprýstingur: 150 bör  
 Vatnsflæði: 450 L/klst

**17.592**

Áður kr. 21.990



**20% AFSLÁTTUR**

**20% AFSLÁTTUR**



**20% AFSLÁTTUR**

**20% AFSLÁTTUR**



**15% AFSLÁTTUR**

20m Meister garðslanga með tengjum

**2.546**

Áður kr. 2.995

Moltugerðarkassi 420 L

**7.306**

Áður kr. 8.595



**15% AFSLÁTTUR**



**20% AFSLÁTTUR**

Útimálning Stofn A 9L

**7.996**

Áður kr. 9.995



**20% AFSLÁTTUR**

Sköld þakmálning Stofn A 9L

**10.396**

Áður kr. 12.995



**20% AFSLÁTTUR**

Bio Klean Pallahreinsir 1 líter

**796**

Áður kr. 995  
 5 lítrar 3.516 kr. (áður 4.395)

Öflugar hjólbörur 90 lítra

**7.642**

Áður kr. 8.990



**15% AFSLÁTTUR**

Landora palla- & tréolía 3 L

**2.396**

Áður kr. 2.995

<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Hafnarfjörður</b>	SelHELLU 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Vistum komið til starfsmanna kjötvinnslunnar yfir girðingu. MYND/EPA

## Lokanir og takmarkanir settar á í fjölmennasta héraði Þýskalands

**ÞÝSKALAND** Lokanir og takmarkanir hafa verið settar á á nýjan leik í tveimur sveitarfélögum í Norður-Rín-Vestfalíu í vesturhluta Þýskalands. Mikil fjölgun hefur orðið þar á nýjum COVID-19 tilfellum.

Héraðið er það fjölmennasta í landinu, með um 18 milljónir íbúa. Íbúar í sveitarfélögunum tveimur, Gutersloth og Warendorf, eru samtals rúmlega 640 þúsund.

Öllum skólum, daggæslurýmum, öldurhúsum, kvikmyndahúsum, líkamsræktarstöðvum og söfnum hefur verið lokað. Þá mega veitingastaðir aðeins selja mat út úr húsi.

Hertari félagsforðunarreglur hafa einnig tekið gildi, og má fólk aðeins hitta eina aðra manneskju utanhúss.

Líkt og önnur Evrópulönd hófu þjóðverjar að aflétta takmörkunum í maí. Er þetta í fyrsta skipti sem þær eru hertar á nýjan leik. Armin Lachet, ríkisstjóri héraðsins, segir

aðgerðirnar fyrirbyggjandi og verða aðeins í gildi út mánuðinn.

Ein helsta ástæðan fyrir aðgerðunum er hópsýking, sem tengd er við kjötvinnslu sunnan við Gutersloth-borg. Lachet segir þetta vera stærstu hópsýkingu sem komið hafi upp í landinu frá því að faraldurinn hófst, en alls hafa 1.500 starfsmenn kjötvinnslunnar greinst jákvæðir fyrir veirunni. Það hann fólk í þessum sveitarfélögum vinsamlegast um að halda kyrru fyrir á meðan takmarkanirnar eru í gildi.

Allir starfsmenn kjötvinnslunnar eru nú kominir í sóttkví. Hafa girðingar úr járnri verið reistar í kringum heimili þeirra og fá þeir mat heimsendan. Lachet sagði að vel væri komið fram við starfsmennina, sem eru margir aðfluttir frá Póllandi, Búlgaríu og Rúmeníu. Hafa meðal annars túlkar verið fluttir inn til þess að samskiptin við yfirvöld séu snurðalaus. – khg

# Losun minnki umfram skuldbindingar Íslands

Uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var kynnt í gær. Stjórnvöld setja sér það markmið að losun minnki umtalsvert meira en skuldbindingar segja til um. Umhverfisráðherra segir blaðinu hafa verið snúið við í loftslagsmálum.

**LOFTSLAGSMÁL** „Stóru fréttirnar í þessari endurskoðuðu áætlun eru að við höfum sýnt fram á að ríkisstjórnin hefur snúið við blaðinu í loftslagsmálum. Við erum með tímamótaáætlun þar sem við stöndum við alþjóðlegar skuldbindingar okkar og gott betur,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, um endurskoðaða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem kynnt var í gær.

Samkvæmt áætluninni mun losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda, dragast saman um 35 prósent árið 2030, miðað við losunina 2005. Samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum ber Íslandi að minnka losun um 29 prósent.

Alls er 48 aðgerðir að finna í áætluninni. Fimmtán þeirra eru nýjar en 28 aðgerðir eru þegar í framkvæmd. Hluti aðgerðanna er enn í mótun, en samkvæmt grófu mati gæti ávinningur þeirra skilað samdrætti upp á fimm til ellefu prósent til viðbótar. Þannig gæti heildarsamdráttur orðið 40 til 46 prósent.

„Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að setja sér alltaf metnaðarfull markmið. Þau þurfa að sjálfsögðu líka að vera raunhæf og það sem við erum að sýna fram á með þessari áætlun er að við munum ná þessum markmiðum okkar,“ segir Guðmundur Ingi.

Meðal nýrra aðgerða sem kynntar voru í dag er aukin innlend grænmetisframleiðsla, fjölgun vistvænna bílaleigubíla, fongun kolefnis frá stóriðju, orkuskipti í þungaflutningum og aðgerðir til að draga úr losun frá byggingariðnaði.

Áætlunin var fyrst kynnt haustið 2018. „Það hefur í rauninni runnið alveg ótrúlega mikið vatn til sjávar í umræðunni og vitneskjunnar um loftslagsmálin, sem eina stærstu áskorun 21. aldarinnar. Þegar við lögðum okkar aðgerðaáætlun fram haustið 2018, vakti fyrir okkur að koma aðgerðum sem allra fyrst í framkvæmd,“ segir Guðmundur Ingi.

Hann segir ljóst að það hafi skilað árangri að byrja strax. Verkefni eins og kolefnisbinding og endurheimt votlendis séu farin í gang, og búið að setja lög um ýmsar ívilnanir í tengslum við orkuskipti.

„Það hefur ýmislegt í samgöngumálunum þroskast á þessum tíma, eins og Borgarlínan og stóraukin áhersla á göngu- og hjólastíga, sem



Uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var kynnt í gær. Alls 48 aðgerðir er að finna í áætluninni, 15 þeirra eru nýjar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Við erum með tímamótaáætlun þar sem við stöndum við alþjóðlegar skuldbindingar okkar og gott betur.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra

auðvelda okkur að breyta ferðavenjum. Við höfum líka séð aukna áherslu á almenningsgöngu.“

Ársfundur Landverndar ályktaði á dögumum að flyta bæri orkuskiptum í samgöngum. Þannig ætti að banna nýskráningar bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti árið 2023, en ekki 2030 eins og áætlunir

stjórnvalda gera ráð fyrir.

„Það er alveg ljóst að ártalið sem var valið árið 2018 fyrir bann á nýskráningum, var málamiðlun á milli stjórnarflokkanna. Þessi málamiðlun stendur ennþá, en ég hef talað fyrir þeim sjónarmiðum að gera þetta hraðar.“

Hins vegar þurfi að gera málamiðlanir í stjórnvaldum. Ráðherra segir þó ekki útilokað að markmiðin náist, án þess að gripa þurfi til bannsins.

Áætlunin fer nú í þriggja mánaða samráðsferli og verða aðgerðir uppfærðar jafnóðum á vefsíðunni co2.is. „Margt sem við erum að sjá nýtt í þessari áætlun eru einmitt ábendingar sem komu frá almenningsi, félagsamtökum og fyrirtækjum.“ sikhvatur@frettabladid.is

**Manic Panic**  
hárlitirnir fást  
hjá okkur  
sendum um allt land

**HOKUS POKUS**

www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

## KEBE

Hvíldarstólar  
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga  
11-18  
laugardaga  
11-15

Komið og skoðið úrvalið

**NÝFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

## Vill handtaka þá sem skemma stytur

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur veitt heimild til að handtaka alla sem verða uppvísir að því að skemma stytur á alríkislandi og dæma þá í allt að tíu ára fangelsi. Yfirlýsing Trumps kemur í kjölfarið á fréttum um að lögregla í Washington-borg hafi stöðvað mótmælendur sem reyndu að fella stytta af Andrew Jackson, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, skammt frá Hvíta húsinu.

Kröftug mótmæli hafa átt sér stað í Bandaríkjunum og víðar um heim í kjölfar dauða George Floyd, sem lést eftir að lögregluáður kraup lengi á hálsi hans. Hafa mótmælin meðal annars beinst að styttingum af mönnum sem hafa tengsl við kynþáttafordóma. Jackson hefur lengi verið gagnrýndur fyrir að hrekja frumbyggja af landi sínu. – ab



Trump hefur veitt heimild til að handtaka þá sem skemma stytur.



# Viltu hætta að hrjóta?

## Frumskýnum Ergosmart snjallrúmið



**Ergomotion**, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að prófa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.



**Ergomotion** kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

**ERGOSMART** hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á CES í Las Vegas.

**ERGOSMART snjallrúmið** er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.



App sem mælir og skráir svefngæði

- Hrotur
- Hjartslátt
- Andardrátt
- Hreyfingar

Aðstoðar þig við að hætta að hrjóta

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins  
Við þurfum öll 8 tíma svefn

# Takk, Frú



Aðalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur@frettabladid.is

Ein þeirra jadarsettu hópa sem okkur hefur enn ekki tekist að opna faðminn fyrir, er fólk sem ánetjast hefur vímuefnum og er búid að missa allt sitt vegna fíknar. Þessi viðkvæmi hópur fer ekki aðeins á mis við þau veraldlegu gæði að njóta öryggis frá degi til dags, í skjóli fyrir veðri og vindum, heldur hafa þau einnig glatað öllu trausti til stofnana samfélags sem lítur þau hornauga. Þau njóta hvorki eðlilegrar heilbrigðisþjónustu né félagslegrar aðstoðar, þau fá ekki sálsgæslu nema hvert hjá öðru og vegna þess ógnarheims sem umlykur ólögleg viðskipti með lyf og vímuefni njóta þau ekki eðlilegrar og sjálfsgæðar löggæslu. Fólk, sem lifir og hrærist í heimi fíknar sem gerð var að helsta óvini mannkyns upp úr miðri síðustu öld, er ekki líklegt til að hringja í 112 þótt einhver hafi lamið úr því allar tennur, nauðgað því eða rænt það bótunum á útborgunardegi. Þau hvorki treysta, né eiga traust kerfisins.

Við höfum samt verið að bæta okkur. Stór hluti samfélagsins er kominn á þá skoðun að það sé rangt að refsa fólki fyrir veikindi sín. Gerðar hafa verið tilraunir með mildari lagasetningu til að stemma stigu við vímuefnatöknun og í vor voru samþykkt lög um neyslurými, í anda hugmyndafræði um skadaminnkun. Hjá Reykjavíkurborg er unnið að því að tryggja þau lágmarks-mannréttindi þessara einstaklinga að hafa öruggt þak yfir höfuðið. Hér hefur Frú Ragnheiður unnið þrekvirkni. Ekki aðeins hefur starfsliðið Frúarinnar tekist að ávinna sér traust skjólstæðinga sinna, sem þiggja skadaminnkandi þjónustu, sálsgæslu og hlýju í litlu bakrými sérútbúins sjúkraháls, heldur talar Frú Ragnheiður máli sinna skjólstæðinga af hlýju, virðingu og alúð og kennir okkur hinum að sýna umburðarlyndi og kærleika.

En betur má ef duga skal.

Íbúar hinna borgaralegu hverfa borgarinnar geta enn ekki hugsað sér að hafa aumingja í námunda við sig, og kenna börnum sínum að hræðast þetta varhugaverða fólk. Íþróttahreyfingin, ein öflugasta miðstöð uppeldis íslenskra barna, tekur kröftuglega undir.

Sjálft refsivörslukerfið hefur ekki síður staðið í vegi fyrir aðild þessa hóps að samfélagi manna. Hugmynd heilbrigðisráðherra um neyslurými mætti gríðarlegri andstöðu löggæsluyfirvalda, líkt og reyndar flestar aðrar hugmyndir sem víðræðar hafa verið um mildi og þjónustulund, til handa þessum hópi.


Þá liggur enn ekkert fyrir um hvar neyslurými fá að rísa eða hvernig þau verða fjármögguð.

Þegar að er gáð eiga hugmyndir bandarískra mótmeðenda sem arka um götur stórborga og kyrja „Defund the Police“, ekkert síður erindi hér hjá okkur. Á meðan við ýtum veiku fólki úr íbúahverfum og út á jadarinn, í orðsins fyllstu merkingu, og veitum því hvorki eðlilega velferðar- né heilbrigðisþjónustu, er hætt við að verkefni lögreglunnar verði ærið. En ef við opnum faðminn, sýnum mildi og fjármögnum betur þjónustu sem er sniðin að þörfum þessa hóps, gæti lögreglan farið að sinna raunverulegum skyldum sínum gagnvart þessum ofbeldisþjakaða hópi og tryggja honum verðskuldaða löggæslu. Við ættum að taka undir með Bandaríkjamönnum og krefjast þess að nokkrum svörtum Maríum verði skipt út fyrir hvítar Ragnheiðar.



Við ættum að taka undir með Bandaríkjamönnum og krefjast þess að nokkrum svörtum Maríum verði skipt út fyrir hvítar Ragnheiðar.

## Halldór



## Frá degi til dags

### SÁÁ

Enn er brostið á með átökum innan raða SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Nú er stígninn fram fyrirverandi formaður og yfirlæknir og vill verða formaður á ný. Á sjötta tug starfsmanna á meðferðarsviði birtu þá yfirlýsingu um að það þyrfti engu að bjarga og allra sist starfsmönnum. Frambjóðandinn kom fram í morgunútvarpi RÚV í gær og það sem stóð upp úr var að hann virtist í átökum við sjálfan sig. Ýmist snerist framboð hans um ágreining um peninga, eða ekki. Kannski kominn sé tími til að samtökin breyti merkingu skammstöfunar félagsskaparins í Samtök áhugafólks um átök.

### Þóf

Málþófi þingmanna Miðflokksins virðist lokið, í bili alla vega. Létu þeir af munnræpunni fyrir hádegi í gær. Svo vill til að Fréttablaðið birti á forsíðu blaðsins í gær mynd úr þingsal, þar sem aðeins tveir menn voru í salnum. Gunnar Bragi Sveinsson og svo Brynjar Nielsón, sem greinilega hafði dregið stutta stráid í hópi varaforseta og þurfti að sitja á stóli þingforseta undir málæði um ekki neitt. Hvort birting myndarinnar hafi haft áhrif á Miðflokksmenn er óvíst, en jafnvel harðsvirðustu menn fundu til samúðar með Brynjari vegna þessa hörmulega hlutskiptis. Það er sjaldgæft í tilvikum Brynjars.

## Ísland mun uppfylla skuldbindingar sínar



Guðmundur Ingi  
Guðbrandsson  
umhverfis- og  
auðlindaráð-  
herra

Í gær kom út ný útgáfa Aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, sem sýnir að Ísland mun uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Stjórnvöld setja samt markið enn hærra.

Stefna ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er skýr í loftslagsmálum. Stefnir er að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda um 40% árið 2030 í samstarfi við Noreg og ESB, og kolefnishlutleysi árið 2040.

Með þeim aðgerðum sem við höfum ráðist í og hyggjumst ráðast í, munum við ná mun meiri árangri en alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt Parísarsamkomulaginu krefjast af okkur. Því ber svo sannarlega að fagna. Samkvæmt áætluninni mun samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 verða 35%, miðað við viðmiðunarárið 2005, en skuldbindingar okkar kveða á um 29% samdrátt. Til viðbótar við þetta eru aðgerðir sem enn eru í mótun taldar geta skilað 5-11%, eða samtals 40-46% samdrætti. Ísland hefur snúið blaðinu við.

Að baki þessari nýju útgáfu áætlunarinnar liggja ítarlegir útreikningar á ávinningi allra þeirra aðgerða sem unnt var að meta. Áætlunin samanstendur af 48 aðgerðum, en rúmur helmingur þeirra er þegar kominn til framkvæmda. Fimmtán nýjar aðgerðir hafa bæst við frá fyrri útgáfu áætlunarinnar og má þar til dæmis nefna aðgerðir til þess að auka innlenda grænmetisframleiðslu, fjölga vistvænum bílaleigubílum og styðja við orkuskipti í þungaflutningum.

Við munum halda ótraud áfram að tryggja þau umskipti sem nauðsynleg eru í samfélaginu til að sporna gegn áhrifum loftslagsbreytinga og munum meðal annars greina áhrif áætlunarinnar á mismunandi tekjuhópa. Fjöldi tækifæra felst í fjárfestingu í grænum innviðum og grænni nýsköpun. Orkuskipti á öllum sviðum samfélagsins, minni sóun og frekari kolefnisbinding með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis geta leitt til mikils ávinnings fyrir samfélagið. Hvort sem það er í formi grænna starfa, græns vaxtar eða lífvænlegrar heims til lengri tíma litíð.



Fjöldi tækifæra felst í fjárfestingu í grænum innviðum og grænni nýsköpun.

**Allt fyrir veisluna og búningapartýið á tveimur hæðum**

**Opið alla daga vikunnar**

**PARTÝBÚÐIN**

Finndu okkur á

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

# Forsetinn hefur völd



**Ámundi Loftsson**  
fyrirverandi sjómaður og bóndi



**Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykka.**

Í Kastljósi ríkissjónvarpsins fyrir skömmu var fjallað um valdheimildir forseta Íslands. Til að ræða þau mál voru þar komin stjórnfræðingur og lögfræðiprófessor.

Þar var meðal annars velt upp spurningu varðandi 25. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykka.“

Tilfnið var að frambjóðandi í væntanlegum forsetakosningum hyggst, ef hann nær kjöri, láta leggja fyrir Alþingi frumvarp um lækku launa sinna. Lögfræðiprófessorinn útskýrði þá að ekki væri hægt að leggja fram slíkt mál og vísaði í 9. gr. stjórnarskrárinnar; sem kemur í veg fyrir það.

Hvað sem þessu öllu líður stendur 25. greinin alveg skýr og óán skilyrða. Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykka. Lögfræðiprófessorinn sá samt ástæðu til að tala þetta ákvæði stjórnarskrárinnar niður og vísaði í sögulegar skýringar. Ákvæðið hefði í raun ekki neina merkingu.

Það sama var upp á teningnum meðal fræðimanna um margumtalaða 26. grein stjórnarskrárinnar um synjunarvald forsetans um staðfestingu laga frá Alþingi og þjóðaratkvæðagreiðslur. Einn góðan veðurdag kom þó í ljós að téð grein stjórnarskrárinnar var í fullu gildi og gerbreytti gangi stjórnmalanna á Íslandi. Þjóðin kolfelldi Icesave-málið og á augabragði urðu allir fræðimenn Íslands á einu máli um að vitaskuld hefði forsetinn þessa heimild. Vafinn heyrði sögunni til. Enginn ágreiningur. Allir sammála.

Ekki verður með neinu móti séð að annað eigi við um þá grein stjórnarskrárinnar sem heimilar

forseta að leggja frumvörp fyrir þingið, og það sem meira er, það er nærtækt og rík ástæða fyrir forsetann að leggja fram frumvarp á Alþingi um tiltekið mál.

Um árabíl hefur verið kallað eftir því að fram fari ítarleg og hlutlaus rannsókn á eftirmálum bankahrunsins 2008; líkt og gert var með Rannsóknarskýrslu Alþingis um aðdraganda þess.

Það sem gerðist á Íslandi árin eftir hrúnið er af mörgum talið vera með því ljótasta í yfir þúsund ára sögu þjóðarinnar. Óvæginn peningaöfl gengu þá af mikilli hörku og óbilgírni, með þegjandi samþykki og vilja stjórnvalda, að þeim sem að ósekju sátu uppi með óviðráðanlegar afleiðingar af vægast sagt óábyrgri fjármálastarfsemi og efnahagsstjórn. Mörg þúsund fjölskyldur og einstaklingar misstu þá heimili sín og mikill fjöldi ber enn þungar byrðar af þessum sökum.

Augljóst er að stjórnmalaflokkarnir finna til óþæginda vegna framvindu mála á Íslandi árin eftir hrúnið. Þar bera þeir ábyrgð og eiga þess vegna erfitt með að horfast í augu við þá sögu. Því bendir fátt til þess að þingmenn eða stjórnmalaflokkar muni leggja fram mál á Alþingi um að það sem þar gerðist árin eftir fall bankanna 2008 fái nauðsynlega tæmandi rannsókn.

Hér getur forsetinn komið að málum. Hann getur rofið hefðina og þögnina um þessi erfiðu mál og tekið stöðu með fólkinu. Hann getur tekið þennan beiska kaleik frá stjórnmalaflokkunum og látið leggja fram frumvarp á Alþingi um að unnin verði rannsóknarskýrsla um eftirmál bankahrunsins 2008. Það er mikið þarfaverk.

Hver getur séð það fyrir sér að Alþingi feli fyrsta forsetafrumvarp sögunnar?

# Lýðræði er undantekning



**Þorgrímur Danielsson**  
sóknarprestur.



**Kosningaréttur er ekki sjálfsgæður hlutur.**

Okkur hættir til að líta á lýðræði og ýmis réttindi sem því fylgja sem sjálfsgæðan hlut. Svo er þó ekki. Lýðræði er undantekning í mannkynssögunni.

Frá því að sögur hófust verður ekki betur séð en að einhvers konar einræði hafi verið ríkjandi í heiminum. Gildir þá einu hvort litið er til Egyptalands hins forna, Mesópótamíu, Indlands eða Kína. Þegar Spánverjar stigu á land í Ameríku voru þar fyrir a.m.k. tvö öflug keisaradæmi. Þekktar undantekningar eru nokkur borgríki í Grikklandi ca 600–300 f. Kr. – og Rómverska lýðveldið sem stóð nokkru lengur. Öll hrundu þessi lýðveldi af orsökum sem of langt mál yrði að rekja hér, en hatrómm innanlandsátök og óeirðir í stað almenns vilja til að fara að lögum virðast hafa átt stóran þátt í falli margra. Á miðöldum munu reyndar hafa verið til nokkur ríki með lýðræðislegu sniði, þótt oft kynni að vera réttara að lýsa þeim sem stjórn höfðingja eða auðmanna. Íslenska þjóðveldið mætti nefna í því sambandi.

Af lýðræðisríkjum nútímans er Sviss elst svo töluverðu munar. Bandaríska stjórnarskráin var samþykkt 1788. Viðast hvar er lýðræði yngri. Erfitt er að átta sig á hvernær Bretland varð lýðræðisríki, en sennilega er réttast að segja að það hafi verið á 19. öld, þótt þróun til lýðræðis þar sé eldri. Frakkar sögðu skilið við keisarann 1870, Ítalir og Þjóðverjar við foringja sína 1943 og 1945, Spánverjar 1975 og austantjaldslóndin í kringum 1990 svo örfá dæmi séu tekin. Raunar munu þó vera áhöld um hversu lýðræðislegt er um að litast í Austur-Evrópu. Hið sama má segja um ýmsa aðra heimshluta.

Almennur kosningaréttur karlmanna er óviða eldri en frá síðari hluta 19. aldar – og kvenna nokkrum áratugum yngri. Kosningaréttur er ekki sjálfsgæður hlutur. Hann er dýrmætur og óvenjulegur. Hann þarf að nota af yfirvegum og ábyrgð.

Á laugardaginn kemur eru forsetakosningar á Íslandi.

Við skulum virða kosningaréttinn.

Við skulum fylgjast með og taka upplýsta ákvörðun.

Við skulum fara á kjörstað.



# Sterkara sameiningartákn



**Álfheiður Ingadóttir**  
ritstjóri



**Forsetakosningar nk. laugardag eru tækifæri til að styrkja samstöðuna sem við höfum öll fundið hvað skiptir miklu máli í vetur og vor.**

Eitt af því sem við lærðum af þríeykinu í kófinu er að byrja á því að hrósa því sem vel er gert og þakka fyrir frábært framlag í þágu samfélagsins – í þágu okkar allra.

Ég vil því byrja á því að hrósa Guðna Th. Jóhannessyni forseta og Elizu konu hans fyrir það hversu vel þau hafa setið Bessastaði og fyrir framgöngu þeirra alla, sem vakið hefur addáun, bæði hér innan lands og á alþjóðavettvangi.

Þá vil ég þakka Guðna Th. Jóhannessyni sérstaklega fyrir það að hafa fært kærkominn frið yfir embætti forseta Íslands. Embættið er ekki lengur miðdepill átaka í íslenskum stjórnmalum eða í stríði við þing og þjóð, heldur hvetur Guðni til samstöðu og samþjálfpar og sýnir þar sjálfur gott fordæmi á margvíslegan hátt. Þetta er mikilvægt, ekki aðeins á þessum skritnu tímum kórónaveirunnar heldur alla daga í lífi þjóðar.

Það er þó ekki þar með sagt að Guðni Th. Jóhannesson sé átakafælinn eða fordíst að taka þátt í opinberri umræðu. Þvert á móti gripur hann ódeigur orðið og sýnir eindreginn stuðning við baráttu minnihlutahópa og mannréttinda-baráttu almennt, bæði með beinum hætti og táknrænum svo eftir er tekið. Hann hefur lagt sig fram um að hvetja til sáttar í samfélaginu, m.a. um stjórnarskrána okkar, um málefni flóttafólks, hinsegin fólks og þeirra sem minna mega sín. Forsetaembættið er í hans tíð sterkara sameiningartákn en það hefur verið lengi.

Guðni og Eliza eru alþýðleg, opin og hlý. Þetta eru kostir sem ég kann að meta í fari forseta. Það er ekkert launungarmál að ég kaus Andra Snæ Magnason í kosningunum 2016 og að Vigdís var alltaf minn forseti þó annar sæti á Bessastöðum um hríð. En með Guðna Th. Jóhannessyni eignaðist ég aftur forseta sem ég er stolt af, venjulegan fjölskyldumann, lausan við þrjálf og hofmóð. Guðni og Eliza eru sannarlega ein af okkur öllum sem byggjum nú þetta fallega land í fjölmenningarlegu samfélagi.

Forsetakosningar nk. laugardag eru tækifæri til að styrkja samstöðuna sem við höfum öll fundið hvað skiptir miklu máli í vetur og

vor. Einhverjum kann að finnast ástæðulaust að mæta á kjörstað, úrslitin séu ráðin, eða jafnvel óþarft að kjósa í embætti sem sé aðeins táknrænt. Slíkar raddir heyrast stundum frá vinstri mönnum, félögum mínum. Við þá vil ég segja að fram undan eru tímar þar sem við þurfum að takast á við óþekktu atburði – fordæmalaus, muniði? Vinstri menn mega sist skorast undan því að taka afstöðu á slíkum tímum. Við þurfum að taka hlutverk okkar í samfélaginu alvarlega og nýta kosningaréttinn í hvert eitt sinn. Við getum nefnilega ráðið miklu um hvernig samfélag okkar þróast til lengri og skemmri tíma en aðeins ef við sinnum lýðræðislegum skyldum okkar og kjósum!

Valið á laugardag er auðvelt – ég kys Guðna.




## Friðlýsing Varmárósa endurskoðuð

Umhverfisstofnun kynnir hér með áform um endurskoðun á friðlýsingu Varmárósa í Mosfellsbæ. Um er að ræða breytingu á mörkum svæðisins ásamt endurskoðun friðlýsingarskilmála.

Áform um breytingu á friðlýsingunni eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga en gert er ráð fyrir að svæði sem eru ekki á framkvæmdaáætlun skuli kynnt sérstaklega.

**Frestur til að skila athugasemdum** við áformin er til og með 18. ágúst 2020. Frekari upplýsingar er að finna á umhverfisstofnun.is.

Athugasemdum má skila á vef Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða með bréfpósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.



Sean Dyche, stjóri Burnley, var ekki skemmt yfir borðanum.

## Facebook tók niður síðu rasista

**FÓTBOLTI** Jake Hepple, stuðningsmaður Burnley, steig fram í gær og tók ábyrgð á því að hafa skipulagt flugið með borðanum; White lives matter Burnley, skömmu eftir að leikmenn Burnley og Manchester City krupu til stuðnings Black lives matter-hreyfingunni.

Gríðarleg reiði varð vegna borðans um allan heim og fordæmði Burnley mjög afdráttarlaust í yfirlýsingu þennan gjörning. Leikmenn og báðir þjálfarar lýstu einnig yfir vonbrigðum.

Hepple fór á Facebook þar sem hann stóð með borðann og skrifaði: „Mig langar að biðjast afsökunar ... á f#\$%& engu.“ Facebook tók niður síðuna hans í kjölfarið. Burnley sagði í yfirlýsingunni að þeir sem skipulögðu þetta væru ekki velkomnir á Turf Moor aftur. Lögreglan hefur málið til skoðunar. –bb

## Lögbrot Þórsara inn á borð KSÍ

**FÓTBOLTI** Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, Jónas Björgvin Sigurbjörgsson og Alvaro Montejó mættu allir í viðtal á fótbolta.net eftir sigur liðsins gegn Grindavík með derhúfu merkta erlendu veðmálafyrirtæki. Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur nú vísað málinu til aga- og úrskurðarnefndar sambandsins. Vísir greindi frá. Þar kemur enn fremur fram að Þórsar gætu verið í verri málum því samkvæmt íslenskum lögum varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður „af ásetningu eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin hérlendis eða erlendis“. –bb

# Reyndi á sjálfsagann í COVID

Jónatan Ingi Jónsson, leikmaður FH, er einn af ungu guttunum sem hafa staðið sig frábærlega það sem af er. Hann lagði mikið á sig í COVID og ætlar að ná langt í fótbolta. Með frábæra tölfræði gegn ÍA.

**FÓTBOLTI** Jónatan Ingi Jónsson, leikmaður FH, átti mjög góðan leik gegn Skagamönnum á sunnudag. Hann skoraði frábært mark og þótt fótbolti sé ekki tölfræðiþrótt þá var tölfræðin hans í leiknum afar góð. Meðal annars reyndi hann 14 sinnum að fara framhjá varnarmönnum ÍA sem heppnaðist níu sinnum. Fimm sinnum fór hann framhjá Brynjari Snæ Pálssyni og fjórum sinnum Aroni Lárussyni.

Jónatan var sjálfur ánægður með sinn leik en segist hafa geta skorað fleiri. „Ég held að það spili inn í að þetta er núna þriðja tímabilið mitt og ég veit betur hvað ég þarf að gera. Ég spilaði oft fina leiki í fyrra en ég var ekki að skora eða leggja upp. Ég átti líka finan leik á móti HK þó það hafi verið allt öðruvísi leikur. Skagaleikurinn hentaði mér vel og ég fékk leyfi til að fara mikið einn á einn þannig það kom kannski í ljós í hverju ég er góður og ég gat nýtt mér það. Ég klikkaði samt á dauðafæri í fyrri hálfleik þannig ég hefði alveg getað skorað fleiri.“

Jónatan er fæddur 1999 og er uppalinn í FH. Hann fór ungur út til AZ Alkmaar en sneri aftur árið 2018. Hann skrifaði undir nýjan samning í maí til ársins 2021. „Ég er búinn að æfa mikið og vel í vetur og búinn að skoða síðasta tímabil vel og tala við gott fólk. Ég þarf að vera meira áreiðinn og það er klárlega markmiðið í sumar. Markmiðið er að halda þessum dampi í sumar. Gæði mín liggja í að taka menn á og ég er góður í því. Það er klárlega markmiðið þegar ég fæ pláss að gera það og það gerðist oft gegn ÍA.“

Markið sem hann skoraði kom einmitt eftir að hafa skilið varnarmann ÍA eftir. „Undanfarið hef ég verið að taka menn á og er að leita



Jónatan í leik með FH síðasta sumar. Hann sneri aftur árið 2018 frá AZ Alkmaar í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Þessir hafa slegið í gegn í sumar

**Heiðar Ægisson, Stjórnunni**  
Með tilkomu Ólafs Davíðs Jóhannessonar í þjálfarateymi Stjórnunnar hefur leikstilli liðsins breyst. Mikil áhersla er á vængspil sem kemur Heiðari til góða en hann hefur lagt upp tvö mörk í fyrstu tveimur leikjum Stjórnuliðsins í sumar.

**Jóhann Árni Gunnarsson, Fjölni**  
Fjölnisliðið hefur á að skipa ungu liði sem gerir það að verkum að þessi 19 ára gamli leikmaður þarf að þroskast hratt og bera mikla ábyrgð. Jóhann Árni fór á vítapunktinn í tapleiknum gegn Stjórnunni og brást ekki bogalístin.

of mikið eftir sendingunni. Ég þarf að vera áreiðnari að skjóta en auðvitað gefur maður á samherja sína ef þeir eru í betra færi. En þarna fannst mér ég vera í besta færinu og um að gera að láta þá vaða.“

**Valgeir Valgeirsson, HK**  
Valgeir blómstraði með HK-ingum í fyrra og heldur uppteknum hætti í upphafi þessarar leiktíðar. Hann hefur skorað tvö mörk og lagt upp eitt í fyrstu tveimur leikjum Íslandsmótsins. Vængmaðurinn meiddist svo í leiknum gegn KR en verður ekki lengi frá.

**Viktor Karl Einarsson, Breiðabliki**  
Viktor Karl er í stærra hlutverki hjá Blikum en hann hefur ýmist leikið sem vængbakvörður eða kantmaður. Viktor Karl jafnaði markaskor sitt í 14 leikjum frá því í fyrra þegar hann skoraði eitt marka Blika í sigrinum gegn Gróttu í fyrstu umferðinni.

Það er augljóst þegar rætt er við Jónatan að hann ætlar sér langt og hann veit að það þarf að förna miklu til að ná markmiðum sínum. „Ég kom til baka úr COVID í betra formi en fyrir COVID. Ég var stað-

Ég þarf að vera áreiðnari og það er klárlega markmiðið í sumar. Markmiðið er að halda þessum dampi í sumar. Gæði mín liggja í að taka menn á og ég er góður í því. Það er klárlega markmiðið þegar ég fæ pláss að gera það og það gerðist oft gegn ÍA.

ráðinn í að detta ekki úr því formi og láta COVID eyðileggja sumarið. Ég vildi ekki láta það verða afsökun heldur byrja strax vel. Ég var staðráðinn í því að koma sterkur til leiks og halda dampi.

Flestir leikmenn vissu að það yrði spilað þétt og þá er gott að vera í góðu standi. Auðvitað tekur þetta á sjálfsagann en ef þú vilt ná langt í fótbolta þá þarf að leggja hart að sér.“ benediktboas@frettabladid.is

# REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

Borgeir, Kristófer, Þórdís og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

ALLA VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.



**BYLGJAN**  
989



**SUBARU**

*Confidence in Motion*



ENNEMM / SIA / NN00149

# RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA!

Ný kynslóð Subaru Forester er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hljóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO<sub>2</sub> útblástur.

## NÝR SUBARU FORESTER e-BOXER HYBRID

**SUBARU FORESTER PREMIUM e-BOXER HYBRID**

Sjálfskiptur, verð: 7.790.000 kr.

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
www.bilasalareykjaness.is  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1000** Kristni er lögtekin á Alþingi í stað heiðni. Miðað við tímatal þess tíma var kristnitakan árið 1000, en samkvæmt núgildandi tímatali var hún sumarið 999.

**1627** Tyrkjaránið: Jan Janszoon siglir skipi sínu frá Íslandi til Salé þar sem hann selur fanga sína í ánaud.

**1923** Listasafn Einars Jónssonar er opnað í Reykjavík við hátíðlega athöfn.

**1950** HM í fótbolta hefst í Brasilíu.

**1976** Norður- og Suður-Vietnam sameinast í eitt Vietnam, með Hanoi sem höfuðborg.



Frænka okkar,  
**Ólafía Guðrún Ragnarsdóttir**  
síðast til heimilis að  
Lindargötu 57, Reykjavík,

er látin.  
Útförin verður gerð frá Dómkirkjunni  
á morgun, fimmtudaginn 25. júní, kl. 15.

**Baldur Sigurgeirsson, Þórður Jónsson  
Markús Ívar Magnússon, Guðrún Magnúsdóttir  
Þórhildur Lárusdóttir, Ólafur Björn Lárusson**



Yndisleg móðir okkar, dóttir, systir,  
mágkona og frænka,  
**Kristín Anna Erlendsdóttir**  
Vogatungu 22,  
Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 11. júní, verður  
jarðsungen frá Lindakirkju fimmtudaginn  
25. júní kl. 13.00.

**Karl Aðalsteinn  
Anna Karlsdóttir  
Sigrún Edda Erlendsdóttir  
Erlendur Snær** **Aron Smári  
Erlendur Erlendsson  
Ársæll Aðalsteinnsson  
Fannar Karl**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Ingibjörg Árnadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu  
Seljahlið, 9. júní síðastliðinn.  
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk  
hinnar látnu.

**Margrét Rögnvaldsdóttir  
Jón Ottó Rögnvaldsson  
Kristín Rögnvaldsdóttir  
Sigurður Ingi Sigurðsson** **Andrea Baldursdóttir  
Jón Þór Einarsson  
Gerður Hreiðarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir  
sendum við öllum  
þeim sem sýndu  
okkur samúð og  
hlýhug við andlát og  
útför

**Þórunnar Þorvaldsdóttur og  
Ingimundar Kristjáns Ingimundarsonar**  
Mánatúni 4,

sem létust 2. maí og 7. júní.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Friðuhúss,  
starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi,  
starfsfólki heimahjúkrunar Reykjavíkurborgar og  
starfsfólki HERU líknarþjónustu, fyrir einstaka aðstoð  
og umönnun.

**Hafðis Ingimundardóttir  
Ólöf Ingimundardóttir  
Ingimundur Þ. Ingimundarson  
S. María Ingimundardóttir  
Þorvaldur Ingimundarson** **Þórir B. Guðmundsson  
Þorvaldur G. Geirsson  
Sigríður Á. Sigurðardóttir  
Friðgeir Halldórsson  
Rós Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.**



Verk Erlings T.V. Klingenberg úr yfirlitssýningu á Nýlistasafninu. MYND/KOLBRÚN YR EINARSDÓTTIR

## Listin verður löng á fimmtudögum í sumar

Fimmtudagurinn langi er samstarfsverkefni safna og sýningarstaða sem bjóða upp á framlengdan opnunartíma síðustu fimmtudagskvöldin í mánuði í allt sumar. Meðal annars verður boðið upp á listamannaspjall, sýningaropnanir og pop-up bar.

**H**ugmyndin kom til þegar nokkur listasöfn, gallerí og sýningarstaðir vildu gera eitthvað skemmtilegt saman í sumar, en veturinn hefur náttúrulega verið skritinn tími," segir Sunna Ástþórsdóttir, verkefnastjóri Nýlistasafnsins, sem er meðal sýningarstaða sem bjóða upp á framlengdan opnunartíma síðustu fimmtudagskvöldin í júní, júlí og ágúst. „Mörgum söfnum og sýningarstöðum var lokað tímabundið í faraldrinum, svo okkur fannst upplagt að taka höndum saman og lifga upp á listasumarið.“

Þeir staðir sem taka þátt í fyrsta fimmtudeginum nú á morgun eru Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir og Hafnarhús, Nýlistasafnið, Kling & Bang, Studio Ólafur Eliasson, i8 gallery, Gallery Port, Hverfisgallerí, Shoplifter Studio, Harbinger, Ásmundarsalur, Samband Íslenskra myndlistarmanna og Listasafn Íslands. Sunna segir að sýningarstaðirnir



Sunna Ástþórsdóttir verkefnastjóri Nýlistasafnsins í Reykjavík. Mynd/aðsend



Okkur fannst upplagt að taka höndum saman og lifga upp á listasumarið.

muni reyna að beina stærri viðburðum sínum á þessi fimmtudagskvöld.

Annað kvöld verður meðal annars boðið upp á listamannaspjall með Ólöfu Bóasdóttur í Harbinger, tvær sýningaropnanir í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, pop-up bar í Hafnarhúsinu og margt fleira.

Enginn aðgangseyrir verður á kvöldin, sem eru í samstarfi við Sumarborgina Reykjavík. Dagskrána í heild má finna á Facebook-síðu viðburðarins: Fimmtudagurinn langi.

arnartomas@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Þórunn Gunnarsdóttir**  
Bessahrauni 12, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands,  
Vestmannaeyjum, 12. júní síðastliðinn.  
Þökkum starfsfólkinu þar innilega

fyrir alla umhyggju og umönnun.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.  
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Jóhann Hjartarson  
Þorsteinn Marel Júlíusson  
Magnús Júlíusson  
Gunnar Júlíusson  
Hjörtur Jóhannsson  
Dagbjört Jóhannsdóttir** **Sigríður Kjartansdóttir  
Heiða H. Þorleifsdóttir  
Anney Bæringsdóttir  
Þórunn E. Halldórsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Skúli Andrésón**  
frá Framnesi, Borgarfirði eystra,

lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju á  
Egilsstöðum 19. júní.  
Jarðsungið verður frá Bakkagerðis-  
kirkju, laugardaginn 27. júní kl. 13.00.

**Kristín Sigurlaug Eyjólfsdóttir  
Gunnlaugur Haraldsson**  
**Sigrún Skúladóttir  
Björn Skúlason  
Eyjólfur Skúlason  
Valgeir Skúlason  
Anna Bryndís Skúladóttir  
Andrés Skúlason  
Emil Skúlason** **Sigrún Bjarnadóttir  
Lára Vilbergsdóttir  
Gréta Jónsdóttir  
Oddný Freyja Jökulsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

# HEILSA

MIDVIKUDAGUR 24. JÚNÍ 2020

## Heilsa



Hér eru Sandra Lárusdóttir, til hægri, og Guðný Eyjólfsdóttir, til vinstri, við eitt af tækjum Heilsu og útlits, en þau eru mismunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bylting fyrir líkamann

Heilsa og útlit hefur sérhæft sig í að bæta líðan og heilsu fólks með hjálp Weyergans heilsutækja frá Þýskalandi. Meðferðirnar hafa gefið góða raun. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING á Hringbraut  
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Það eru margar meðferðir í boði hjá Heilsu og útliti. Hér er Guðbjörg með konu í heildarmeðferð með lífverðinum og súrefnishjálminum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

#### Framhald af forsiðu →

**S**andra Lárusdóttir, eigandi Heilsu og útliti, hefur að markmiði að bæta vellíðan og heilsu viðskiptavina. Nú kynnir hún til leiks nýtt tæki sem nefnist lífvörðurinn, eða The Bodyguard. „Tækið er algjör bylting. Það stinnir húð, losar um bjúg í líkamnum, afeittrar líkamann, hefur góð áhrif á æðakerfi, exem, gigt og appelsínuhúð,“ segir hún. „Tækið er svipað og súrefnishjálmurinn sem við höfum unnið með lengi og margir þekkja. Með sérstakri raftækni er hreinu súrefni hleypt inn í húðina sem aftur stuðlar að sjáanlegri yngingu hennar. Þetta nýja tæki hentar líka vel fyrir yngri fólk því framleiðendur segja að því fyrr sem við förum í tækið, því fyrr getum við lækkað pH-gildið og minnkað súrnun líkamans,“ útskýrir Sandra. „Í nýja tækinu er kollagenljós eins og í hjálminum okkar. Þetta er algjört undur fyrir líkamann, eykur blóðflæðið, stinnir húðina, er streitulosandi og gott fyrir bein og vöðva. Auk alls þessa eykur tækið kollagen-framleiðslu líkamans,“ segir Sandra og bætir við að þeir sem hafi farið í tækið finni fyrir miklum mun á líðan sinni.

#### Slökun og vellíðan

Sandra segist hafa notað nýja tækið og súrefnishjálminn saman sem gefi enn betri raun. „Það er ótrúlegt hvað fólk slakar vel á í þessari meðferð. Sumir steinsofna og slaka á öllum vöðvum. Fólk segist vera endurnært eftir meðferðina. Fyrst á eftir þessum fólk svolitíð oft þar sem tækið er vatnslosandi en um leið verður það reynt að koma með nýjungar fljótt og vel og þetta er mjög skemmtileg viðbót,“ segir hún. „Ég hef mælt



Sogæðanudd með þrýstingsstígvélum fyrir fætur og súrefnishjálmur með ljósum.

með að fólk komi í tíu skipti til að finna verulegan mun á sér til lengri tíma, en hver meðferð tekur 30-40 mínútur. Það má segja að þegar fólk fer í nýja tækið og hjálminn samtímis sé það komið í heildræna meðferð fyrir allan líkamann. Þetta tæki er fyrir bæði kynin og það væri gaman að sjá fleiri karla notfæra sér nýja tækið,“ segir hún.

„Karlar hafa aðallega verið að koma í VacuSport hjá okkur sem er tæki til að minnka bjúgmyndum hratt og framkallar taktfast þrýstings- og lofttæmisnudd á æðakerfinu. Það hefur virkað fljótt og vel hjá þeim sem hafa orðið fyrir einhvers konar meidslum eða hafa verið í aðgerðum. Fólk hefur náð bata mun fyrr með þessari aðferð. Einnig hefur þessi með-

ferð í VacuSport haft mjög góð áhrif á langvarandi verki, gigt og liðvandamál. Við höfum unnið vel með sjúkrahjálfurum.“

#### Góð áhrif á kvíða

Sandra segist hafa fundið sérstaklega vel eftir COVID hversu súrefnishjálmurinn hafi góð áhrif á kvíða og streitu. Sömuleiðis hefur tækið gefið góð raun fyrir þá sem þjást af asma. Tækið léttir á öndun,“ segir Sandra og Guðbjörg Jónsdóttir, aðstoðarkona hennar, bætir við að ýmis ljós hafi lengi haft góð áhrif á kvíða og þunglyndi. „Ljósín í súrefnishjálminum hafa virkað mjög vel hjá þeim sem hafa átt við kvíða að stríða,“ segir hún. Sandra bendir á að fólk sem hafi átt við húðvandamál eða exem að stríða

hafi sömuleiðis séð mikinn mun á sér eftir þessa meðferð. „Fólk hefur haft á orði að húðin hafi aldrei verið svona fin eins og eftir meðferð í súrefnishjálminum. Þetta eru ekki ný sannindi. Weyergans er orðið þrjátíu ára gamalt fyrir tæki sem er notað um allan heim, jafnt á sjúkrahúsum sem meðferðarstofum. Stöðugt er verið að þróa tækin, eftir því sem menn læra meira og ljósamedferðin er hluti af því,“ segir Sandra sem er umboðsmaður tækjanna á Íslandi, Noregi og í Svíþjóð. „Það hefur verið mikill áhugi í öllum þessum löndum og eiginlega hálfgerð sprengja,“ segir hún.

#### Alltaf eitthvað nýtt

Starfið sem Sandra hóf árið 2014

hefur heldur betur undið upp á sig og hún hefur nóg að gera. „Ég er heppin að eiga góða að. Guðbjörg hefur verið mín hægri hönd og er lærður Bowen-tæknir eins og ég. Við höfum saman nám í Medical Tattoo skóla í Bretlandi og Guðbjörg er búin að klára, en ég hef ekki haft nægan tíma til þess og COVID hefur sett strík í reikninginn,“ segir Sandra. „Með Medical Tattoo flúrum við geirvörtur í 3D sem er nýtt hjá okkur ásamt því að vinna á örur og þar með töldum bruna.

Allt okkar starf miðast að því að hjálpa fólki að líða betur. Okkur þótti til dæmis ósanngjarnt að fólkið hans Kára Stefánssonar fékk ekki þá hrós sem það átti skilið, eins og hann nefndi sjálfur. Við buðum því öllum sem starfa við þjónustu- og rannsóknir hjá Íslenskri erfðagreiningu að koma til okkar í fría meðferð. Margir hafa notfært sér það og til mikillar gleði. Það er dásamlegt að geta gefið af sér. Við eigum að standa þétt saman á svona stundum. Ég hef þá trú að það skili sér alltaf til baka ef maður gefur,“ segir Sandra.

#### Frábært tilboð

„Allt frá því að við opnuðum aftur eftir samkomubannið hefur verið brjáláð að gera hjá okkur og margir sem biðu eftir því að komast til okkar. Við höfum verið með í gangi mjög gott tilboð, en þá fær fólk tíu tíma fyrir 35 þúsund krónur. Við vonumst eftir að með þessu frábæra tilboði geti sem flestir nýtt sér þessar frábæru meðferðir okkar eftir COVID og samkomubann sem tók á marga.“

Heilsa og útlit býður margs konar meðferðir og er að Hlíðasmára 17, síminn er 562-6969. Nánar má fræðast um meðferðir á heimasíðunni heilsaogutlit.is.



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. júní 2020

25. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

**MICHELSEN**  
1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

## Fá 300 milljóna bónus

Samþykktu tillögu um bónusgreiðslur til stjórnar og tveggja starfsmanna Klakka vegna árangurs við sölu á eignum félagsins.

2

## Mikið fé í leit að ávöxtun

Fjármagn mun sækja í áhættu-meiri eignir í leit að viðunandi ávöxtun að sögn sérfræðings. Alls 2.151 milljarður í innlánnum.

4

## Hyggjuvitið getur brugðist

Kristín Friðgeirsdóttir, alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi, segir mikil tækifæri fyrir íslenskt viðskiptalíf til að vanda ákvarðanatöku.

6

## Vinna með Boeing að drónaflugi

Íslenska fyrirtækið Aha tekur þátt í verkefni hvernig standa meggi að flutningi á vörum með drónum. ESB leggur til um 300 milljónir.

11

## Samkeppnishæfara Ísland

Á Íslandi er hvað erfiðast fyrir tjónþola að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota, segir aðalhogfræðingur SKE.

14

## Í okkar DNA að vaxa

Öryggismiðstöðin hefur vaxið hratt frá því að Ragnar Þór Jónsson tók við sem forstjóri. Starfsmenn voru um 100 árið 2006 en voru 500 síðasta sumar. Ragnar Þór segir að umræðan um hlutabótaleiðina, sem komið var á fót til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum kórónaveirunnar, sé á villigötum. ➔ 8

Á svipstundu átti hlutabótaleiðin ekki lengur að verja störfin í landinu heldur verja störf hjá fyrirtækjum sem gengið hafa illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is)  
og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

## Fá ekki heimild til að greiða upp víkjandi lán

Stjórnendur Kviku hafa fallið frá fyrri áformum sínum, að minnsta kosti tímabundið, um að nýta sterka lausafjárstöðu bankans til að greiða upp víkjandi skuldabréf, sem var gefið út árið 2015 og er til tíu ára, að fjárhæð um 1.200 milljónir króna þar sem ólíklegt er talið að heimild til að greiða upp lánið muni fást frá fjármálaeftirliti Seðlabankans. Vaxtakjörin á skuldabréfaútgáfunni eru afar óhagstæð miðað við núverandi aðstæður en vextirnir, sem eru verðtryggðir, hækka á þessu ári úr 5,5 prósentum í 7,5 prósent.

Samkvæmt heimildum Markaðarins vill Fjármálaeftirlitið ekki skapa fordæmi fyrir því gagnvart öðrum fjármálfyrirtækjum, en þar er einkum horft til Arion banka, að hægt verði að minnka eiginfjárlutföll þeirra með því að heimila að greiða upp slík skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar B í því óvissuástandi sem nú er í efnahagslífinu. Allir stóru viðskiptabankarnir þrír hættu fyrir á árinu við boðaðar arðgreiðslur, sem áttu að nema samtals 24 milljörðum króna, eftir skýr tilmæli frá seðlabankastjóra um að þær yrðu dregnar til baka. Þá hætti Arion banki sömuleiðis við kaup sín á eigin bréfum.

Þegar Kvika gaf út skuldabréfið í árslok 2015 var það í fyrsta sinn sem íslenskur banki seldi víkjandi lán til fjárfesta frá fjármálahruninu í október 2008. Í lok fyrsta ársfjórðungs á þessu ári stóð höfuðstóll skuldabréfsins, sem er að óbreyttu á gjalddaga árið 2028, í 1.159 milljónum króna.

Eigið fé Kviku banka nemur um 16 milljörðum króna og er eiginfjár-



Marínó Örn Tryggvason, bankastjóri Kviku banka.

# 1.159

milljónum stóð höfuðstóll víkjandi skuldabréfsins í lok mars síðastliðins.

hlutfallið tæplega 24 prósent sem er nokkuð umfram 20,6 prósent eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans sem var síðast uppfært um miðjan mars á þessu ári. Lausafjáreignir Kviku nema samtals 65,7 milljörðum króna, eða um 56 prósentum af heildareignum bankans, en þar af eru handbært fé og innstæður í Seðlabankanum um 48 milljarðar.

Samkvæmt síðasta árshlutauppgjöri var hagnaður Kviku 336 milljónir króna eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi og arðsemi eigin fjár um 8,8 prósent. Hlutaþræfaferð Kviku, líkt og flestra annarra félaga í Kauphöllinni, lækkaði mikið fyrstu vikurnar í mars, en á undanförunum þremur mánuðum hefur það hækkað um líðlega 35 prósent og stendur nú í 9,75 krónum á hlut. Markaðsvirði bankans er rúmlega 19 milljarðar. – hae



Lykill var áður í eigu Klakka en eignaleigufyrirtækið var selt í byrjun þessa árs til TM fyrir 9,25 milljarða króna. Áður hafði Klakki meðal annars selt hluti í fyrirtækjunum VÍS, Símanum og Bakkavör. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Stjórnendur Klakka fá 300 milljóna bónus

Samþykktu tillögu um bónusgreiðslur til stjórnar og tveggja starfsmanna vegna árangurs við sölu á eignum félagsins. Greiðslur til stjórnarmanna að meðaltali um 50 milljónir króna. Einn lífeyrissjóður var á móti tillögunni.

Hörður Ægisson  
hordur@frettabladid.is



Stjórnarmenn og tveir íslenskir stjórnendur Klakka, eignarhaldsfélags sem seldi fyrir á árinu 100 prósent hlut sinn í eignaleigufyrirtækinu Lykli, munu fá samtals um 310 milljónir króna í bónusa vegna árangurs við sölu á eignum félagsins á undanförunum árum. Bónusgreiðslur til fimm manna stjórnar Klakka, tveggja Íslendinga og þriggja Breta, nema að meðaltali um 50 milljónum króna á mann.

Tillaga um bónusgreiðslurnar, sem var lögð fram af Burlington Loan Management, félagi í eigu bandaríska vognarsjóðsins Davidson Kempner, var samþykkt á aðalfundi Klakka síðastliðinn mánudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjóðurinn er langsamlega stærsti hluthafi Klakka með um 92 prósent hlut. Birta lífeyrissjóður, fjórði stærsti hluthafi Klakka með um 0,8 prósent hlut, var eini hluthafinn sem greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Greint frá því í Markaðinum í desember 2017 að hluthafafundur Klakka hefði samþykkt tillögu að kaupaukakerfi fyrir þáverandi stjórnarmenn og stjórnendur félagsins. Hefðu bónusgreiðslurnar getað numið allt að 550 milljónum króna að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Áform félagsins vöktu hörð viðbrögð, meðal annars af hálfu verka-

lyðsfélaga, og daginn eftir að frétt Markaðarins birtist ákvað stjórn Klakka að mæla með því að greiðslurnar yrðu dregnar til baka. Var það sagt nauðsynlegt til að skapa traust í garð félagsins og var sú tillaga samþykkt af hluthöfum í mars 2018.

Rúmlega tveimur árum síðar hafa hins vegar upphafleg áform um bónusa til handa lykilstjórnendum félagsins verið endurvakin. Til stendur að inna greiðslurnar af hendi á þessu ári eða síðar.

Bónusgreiðslur til stjórnarmanna Klakka nema samtals rúmlega 1,6 milljónum evra, jafnvirði um 250 milljóna íslenskra króna á núverandi gengi. Þá stendur til að greiða tveimur stjórnendum Klakka, Brynju Dögg Steinsen rekstrarstjóra og Jóni Erni Guðmundssyni forstjóra, að auki samtals 293 þúsund evrur, jafnvirði 46 milljóna króna, í bónusa. Samkvæmt ársreikningi Klakka fyrir árið 2019, sem var lagður fyrir aðalfund félagsins á mánudag, námu launagreiðslur til stjórnar og tveggja starfsmanna félagsins samtals um 89 milljónir króna.

Stjórnarformaður Klakka er Matthew Hinds, meðeigandi hjá breska ráðgjafarfyrirtækinu THM Partners, en hann var um langt skeið einn helsti ráðgjafi erlendra kröfuhafa föllu bankanna. Aðrir stjórnarmenn eru Joy McAdam, fyrrverandi stjórnandi hjá Royal Bank of Scotland, Anthony Place, meðeigandi hjá THM, Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri og aðaleigandi Bláfugls, og Gunnar Þór Þórarinnsson, hæstaréttarlögmaður

# 1,6

milljónir evra verða samtals greiddar í bónusa til stjórnarmanna Klakka.

og meðeigandi á lögmannsstofunni BBA/Fjeldco.

Stærsti eigandi Klakka er sem fyrr segir vognarsjóðurinn Davidson Kempner, í gegnum írsku félagið Burlington Loan Management og eignarhaldsfélagið BLM Fjárfestingar, en hann var á meðal stærstu kröfuhafa föllu bankanna. Sá sem hefur stýrt umsvifum sjóðsins hér á landi allt frá fjármálahruninu 2008 er Bretinn Jeremy Lowe. Eini lífeyrissjóðurinn sem eftir er í hluthafahópi Klakka er Birta, en aðrir sjóðir seldu bréf sín í félaginu á árinu 2018. Þá seldu einnig félög á vegum viðskiptafélaganna Sigurðar Valtýssonar, fyrrverandi forstjóra Exista, og bræðrana Ágúst- og Lýðs Guðmundssonar, sem oftast eru kenndir við Bakkavör, samanlagt um sjö prósent hlut sinn í Klakka vorið 2019 til Davidson Kempner. Fyrir sölu voru þeir næststærstu hluthafar Klakka.

Við sölu á Lykli til TM fyrir samtals 9,25 milljarða króna, en kaupin gengu endanlega í gegn í ársbyrjun 2020, hefur Klakki lokið við sölu á öllum eignum félagsins. Á meðal annarra eigna sem Klakki hefur selt á undanförunum árum má nefna hluti í VÍS, Símanum og Bakkavör.

## Leggja Morgunblaðinu til enn meira fé

Hlutfé þórsmerkur, sem er eigandi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins og tengdra miðla, var aukið um 300 milljónir króna að nafnvirði í maí. Í tilkynningu til fyrirtækjaskrár kemur fram að hlutfé þórsmerkur hafi verið aukið um helming, úr tæpum 607 milljónum króna að nafnvirði í tæplega 907 milljónir. Samhlíða því var hlutfé Árvakurs aukið úr tæplega 55 milljónum króna að nafnvirði í tæplega 65 milljónir.

Ekki kom fram í tilkynningunni hvernig skipting hlutfjáraukningarinnar var á milli hluthafa en samkvæmt skráningu á eignarhaldi Árvakurs á vef Fjölmíðla-



Skrifstofa Morgunblaðsins og prentsmiðja eru í Hádegismóum.

nefndar er það enn óbreytt frá því í fyrra. Stærstu hluthafarnir, með 20 prósent hvort, eru Ramses, félag Eypórs Laxdal Arnalds, og Íslenskar sjávarafurðir, sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Þá fer Hlynur A, félag tengt Guðbjörgu Matthías-

dóttur, aðaleiganda Ísfélags Vestmannaeyja, með rúmlega 16 prósent hlut, og Ísfélagið sjálft fer með rúmlega 13 prósent hlut. Legalis, félag Sigurbjörns Magnússonar, á rúmlega 12 prósent hlut í Árvakri.

Hlutfé þórsmerkur hefur tekið þó nokkrum breytingum á undanförunum misserum í takt við slæma afkomu Árvakurs. Þannig var hlutféð lækkað um milljarð síðasta sumar til að mæta tapi undangenginna ára og fyrr á sama ári var hlutfé þórsmerkur aukið um 200 milljónir króna til að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Árvakur tapaði 415 milljónum króna árið 2018 og 284 milljónum árið á undan. – pbf

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

## RAFMÓTORAR



**SCANVER** 588 80 40  
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

# MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON  
MÁLARAMEISTARI  
SÍMI: 844 9188



FÖST  
VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA  
REYNSLA

NÁKVEMAR  
VERKLÝSINGAR

RAFRÆN  
TILBOÐ OG  
SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL  
ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík  
Símar: 8446829 / 6624514  
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

# Gríðarmikið fé gæti leitað ávöxtunar

Fjármagn mun sækja í áhættumeiri eignir í leit að viðunandi ávöxtun að sögn sérfræðings hjá Akta sjóðum. Útlit fyrir neikvæða ávöxtun öruggari fjáreigna miðað við vænta ávöxtun. Alls er 2.151 milljarður á innlánsreikningum.

Vaxtalækkunir Seðlabanka Íslands geta leitt til þess að fjármagn á innlánsreikningum, sem hefur aukist um tugi milljarða króna á síðustu mánuðum og bera neikvæða vexti miðað við vænta verðbólgu, og aðrar fjáreignir leiti í áhættumeiri eignaflokka. Lágvaxtaumhverfið mun þannig krefjast endurskipulagningar á eignasöfnum landsmanna.

„Stærsti hlutinn af fjáreignum heimilanna fyrir utan lífeyrinn er í innlánunum og ég held að margir séu að átta sig á því að raunávöxtun þeirra, miðað við vaxtastig og vænta verðbólgu, sé orðin neikvæð og verði það til lengri tíma,“ segir Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum. Vextir af öruggari eignum munu þannig ekki duga til að veita upp á móti verðbólgu.

Innlán í íslenska fjármálakerfinu námu alls 2.151 milljarði króna í lok apríl á þessu ári og höfðu aukist um 150 milljarða frá áramótum. Þar af námu innlán heimila 1.000 milljarðum króna og jukust þau um 50 milljarða frá áramótum. Á sama tímabili jukust innlán lífeyrissjóða um 40 milljarða króna, úr 142 milljarðum upp í 182 milljarða.

Í kjölfar 0,75 prósentustiga vaxtalækkunar peningastefnufndar Seðlabankans 20. maí hafa stýrivextir lækkað um alls tvö prósentustig frá því í febrúar. Þeir standa nú í einu prósentu og hafa ekki verið lægri frá því að verðbólguþætti mið var tekið upp árið 2001. Mikil lækkun vaxta hefur leitt til þess að ýmsar áhættulitlar fjáreignir bera neikvæða raunvexti miðað við væntingar um verðbólgu.

Birgir segir að búast megi við því að vextir verði lágir til frambúðar og fólk sem er með sparnað í öruggum vaxtatengdum eignum líkt og innlánunum og ríkisskuldabréfum muni „óhjákvæmilega þurfa að endurskipuleggja eignasafnið sitt og taka skref lengra út á áhætturófið“.

„Það getur þýtt auknar fjárfestingar til að mynda í skuldabréfum fyrirtækja og hlutabréfum og frekari þátttöku á erlendum fjármálamörkuðum. Eignasöfn verða líklegast mun blandaðri og alþjóðlegri en þau hafa verið, með meira af innlendum hlutabréfum, áhættumeiri skuldabréfum og erlendum verðbréfum,“ segir Birgir.

Þá segir hann að tilfærsla fjármagns yfir í áhættumeiri eignaflokka geti tekið sinn tíma. „Við



Mikil lækkun vaxta hefur leitt til þess að ýmsar áhættulitlar fjáreignir bera neikvæða raunvexti miðað við væntingar um verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


## Líklegt að fjármagn leki inn á fasteignamarkaðinn

Líklegt er að svigrúmið sem vaxtalækkunir Seðlabanka Íslands skapa leki inn á fasteignamarkaðinn. Þetta sögðu greinendur í umfjöllun Markaðarins frá því um miðjan júní.

„Hann er sá eignamarkaður sem flestir Íslendingar telja sig hafa skilning á og margir sjá nú sparnaðinn sinn skila lítilli ávöxtun. Í slíku umhverfi gæti skapast þrýstingur á fasteignamarkaðinn,“ sagði Krístrún Frostadóttir, aðalhafgræðingur Kviku banka. Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhafgræðingur Arion banka, sagði að mikil eftirspurn hefði verið eftir endurfjármögnun í kjölfar síðustu vaxtalækkunar Seðlabankans.

„Vaxtalækkunir á húsnæðislánunum geta stutt við húsnæðisverð þar sem greiðslubyrðin hefur lækkað. Niðurstöður könnunar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar styðja þessa skoðun þar sem mun fleiri telja hagstætt að kaupa íbúðarhúsnæði um þessar mundir en fyrir ári. Lágvaxtaumhverfi dagsins í dag gæti einnig haft áhrif á fjárfesta, það er að segja að lágir vextir í fjárfestingarumhverfinu gætu beint fjármagn inn á húsnæðismarkaðinn,“ sagði Erna Björg.

## Geirskiptin innlána (M.kr.)



erum enn á byrjunarreit með það að meðtaka þessar breytingar en ég held að það sé skýrt hvert við erum að stefna. Áhættutaka þarf að aukast með vel ígrunduðum og varfærum skrefum í samræmi við áhættuþol.“

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Markaðinn í síðustu viku að hann vonaðist eftir því að lægri vextir myndu ýta fjármagn yfir í áhættusamari fjárfestingar. Það gæti tekið tvö ár.

## Innlán alls (M.kr.)



„Þegar vaxtastigið er orðið svona lágt hætta skuldabréf að gefa af sér beint tekjuflæði. Oft er sagt að hlutabréf breytist í skuldabréf við slíkar aðstæður. Rótgróin íslensk rekstrarfélög, sem geta greitt út ágætis arð, verða þá talin öruggur fjárfestingarkostur og skila reglulegu tekjuflæði til fjárfesta eins og skuldabréf hafa hingað til gert,“ sagði Ásgeir.

Seðlabankastjóri sagðist telja að fjármálamarkaðurinn hér á landi væri ekki enn búinn að meðtaka þær grundvallarbreytingar sem fylgja því að vextirnir séu orðin

svona lágir. Íslenskir fjármagnseigendur hefðu verið nokkuð góðu vanir á undanföllum árum og það hefði reynst þeim fremur auðvelt að fá áhættulausa ávöxtun. Til þess að fá ávöxtun við þessar aðstæður þyrftu fjárfestar hins vegar að taka áhættu.

„Með lækkandi vöxtum verða hlutabréfakaup vonandi eftirsóknarverðari fjárfestingarkostur en eftir fjármálaáfallið hefur hlutabréfamarkaðurinn verið alltof lítill og almenningur hefur verið hræddur að kaupa hlutabréf. thorsteinn@frettabladid.is

## Félag Skúla og meðfjárfesta er eigandi alls hlutafjár Play

Félagið FEA ehf., sem er í eigu Skúla Skúlasonar og hóps fjárfesta, varð eigandi allra hluta í flugfélaginu Play í byrjun maí. Þetta kemur fram í tilkynningu til fyrirtækjaskrár.

Félag Skúla, sem er einn eigenda flugþjónustufyrirtækisins Airport Associates og framkvæmdastjóri Express, umboðsaðila hraðsendingafyrirtækisins United Parcel Service á Íslandi, eignaðist Play þegar flugfélagið gat ekki greitt til baka brúarlán sem FEA veitti því fyrir í vetur.

» Skúli eignaðist Play þegar flugfélagið gat ekki greitt til baka brúarlán sem félag hans hafði veitt því fyrir í vetur.

Arnar Már Magnússon, forstjóri Play, staðfestir eigendaskiptin í samtali við Markaðinn. Hann segir að flest sé frágengið hjá Play nema kynning á áfangastöðum.

„Við erum með áform um áfanga-



Skúli Skúlason, eigandi Play.

staði en fyrstu þurfum við að sjá hvernig COVID-áhrifin þróast vegna þess að við viljum ekki lofa einhverju sem við getum ekki staðið við út af ytri aðstæðum,“ segir Arnar Már.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur ráðgjafarfyrirtækið Eldjárn Capital, sem er í eigu Bjarnólfs Lárussonar og Ásmundar Gíslasonar, unnið að fjármögnun félagsins.


Skúli, sem varð stjórnarformaður Play í kjölfar eigendaskiptanna, sagði í viðtali við Viðskiptablaðið um miðjan júní að Play væri að

„brenna á bilinu 200 til 300 þúsundum evra á mánuði í reksturinn“ sem samsvarar tæplega 50 milljónum króna.

Félagið gæti vel staðið undir því þangað til tekjurnar byrjuðu að streyma inn en hann sagðist vona að það yrði í haust. „Við erum með aðgang að nægri fjármögnun til að fara í loftið,“ sagði Skúli.

Þá sagði hann að allt væri tilbúið fyrir frágang á leigu á flugvélum en Play horfir eingöngu til Airbus-véla í þeim efnum. Ekki náðist í Skúla við vinnslu fréttarinnar. – þfh

# Innviðir sem vaxa með fyrirtækinu og kostnaður sem byggir á þörf



Við bjóðum hýsingar- og rekstrarlausnir  
sem mæta kröfum nútímalegs atvinnulífs



**Opin Kerfi**

# Hyggjuvit stjórnenda getur brugðist

Kristín Friðgeirsdóttir, alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi, segir mikil tækifæri fyrir íslenskt viðskiptalíf til að vanda ákvarðanatöku. Hyggjuvitid getur brugðist í umhverfi sem breytist hratt. Segir mikilvægt að gera greinarmun á ákvörðunum og niðurstöðum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



Mörg fyrirtæki á Íslandi standa sig vel en á heildina litið tel ég að þau hafi tækifæri til að bæta sig verulega þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir. Það felst mikill ávinningur í því að vanda til verka," segir Kristín Friðgeirsdóttir, sem er alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi, stjórnarmaður í TM, Distica og Völku og fyrrverandi stjórnarformaður Haga.

Kristín gegnir einnig prófessorsstöðu við London Business School. Hún hefur aðstoðað fjölda stórfyrirtækja í ýmsum geirum við ákvarðanatöku vegna stærri verkefna, þar með talið tryggingafyrirtækið Lloyds, sælgætisframleiðandann Mars og flugfélagið Lufthansa, en starfar nú í auknum mæli hérlendis.

Kristín segir að mikil gróska sé í íslensku atvinnulífi, stjórnendur áhugasamir um að læra og hafi metnað til að standa sig betur. Þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum leggi fyrirtæki erlendis áherslu á að faglega sé staðið að þeim. Þau líti á ákvarðanatöku sem ferli sem hægt sé að bæta og þjálf stjórnendur sína til þess.

„Ég held að hér á landi sé oft verið að taka stórar ákvarðanir út frá hyggjuviti en ekki endilega með skipulögðum hætti. Það þýðir að það er mjög erfitt að læra af fyrri ákvörðunum um hvað gekk vel og hvað fór ekki eins og búist var við. Þetta getur verið sérstaklega slæmt í umhverfi sem breytist hratt því þá byggir hyggjuvitid á reynslu sem ekki á lengur við," segir Kristín og tekur dæmi:

„Við vorum að skoða einn fjárfestingarkost sem enginn var sérstaklega spenntur fyrir. Hann leit ekki nógu vel út við fyrstu athugun. Eftir að hafa farið í gegnum tölurnar og greint aðra valkosti þá var niðurstaðan sú að fjárfestingin væri mjög vænleg. Hyggjuvitid hefði brugðist okkur ef við hefðum einungis reitt okkur á það," segir Kristín.

## Varist hugsanaskekkjur

Í miklu óvissuástandi verður oft ekki hjá því komist að reida sig á hyggjuvitid þar sem tíminn er af skornum skammti og gögn og greiningar liggja ekki fyrir. Í þeim tilfellum er mikilvægt að gera sér grein fyrir hugsanaskekkjum sem geta villt stjórnendum sýn.

„Við sem stjórnendur höfum tilhneigingu til þess að einblína of mikið á einn valkost sem er á borðinu. Hvort að fyrirtækið eigi



Kristín hefur aðstoðað fjölda erlendra stórfyrirtækja við ákvarðanatöku vegna stærri verkefna. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Þeir stjórnendur sem vanda ferlið við ákvarðanatöku ná betri árangri og finna tækifæri sem voru ekki augljós í upphafi þó að í stöku tilfellum valdi niðurstaðan vonbrigðum.

að velja þann kost eða gera ekkert. Við eigum erfitt með að stiga til baka og leita uppi aðra kosti sem geta staðið til bóða. Annað dæmi er að við eigum erfitt með að meta áhættu með hlutlægum hætti og höfum sérstaka tilhneigingu til að halda að nýlegir atburðir, atburðir sem við munum, séu líklegri en aðrir. Það hjálpar mikið að vita af þessum hugsanaskekkjum þegar við þurfum að reida okkur á hyggjuvitid," segir Kristín.

Góð ákvarðanatöku tryggja þó ekki alltaf góðar niðurstöður að sögn Kristinar og gera þurfi skýran greinarmun á þessu tvennu.

„Við getum tekið vandaða ákvörðun en svo líður tíminn og í

ljós kemur að niðurstaðan er ekki sú sem búist var við. Það þýðir þó ekki endilega að ákvörðunin hafi verið slæm og hún eigi að vera dæmd sem slík. Í þeim skilningi er ákvörðun og niðurstaða ekki sami hluturinn," segir Kristín.

„Í óvissuástandi, eins og ríkir í dag, getum við tekið vandaða ákvörðun en út af óvissunni þá stýrum við ekki niðurstöðunni. Það er mikilvægt að læra af slæmum niðurstöðum og átta sig á því hvort það séu tækifæri til að bæta ákvarðanatökuna eða hvort slæma niðurstaðan sé eðlileg afleiðing af því að taka áhættu. Þeir stjórnendur sem vanda ferlið við ákvarðanatöku ná betri árangri og finna tækifæri sem voru ekki augljós í upphafi þó að í stöku tilfellum valdi niðurstaðan vonbrigðum.“

## Markmið togast á

Munurinn á ákvarðanatöku og niðurstöðu getur einnig skipt máli þegar fyrirtæki hanna umbunarkerfi fyrir starfsmenn. Kristín bendir á að mun auðveldara sé að umbuna fólki fyrir niðurstöður, til dæmis sölu- og hagnaðartölur, heldur en að umbuna fyrir ferlið sem býr að baki. Umbun fyrir niðurstöður

leiðir hins vegar oft til of mikillar áhættutöku. Ef hvetja á til góðrar ákvarðanatöku er rétt að umbuna í samræmi við það. „Mörg stórfyrirtæki hafa áttað sig á þessu og haga umbunarkerfum sínum þannig að þau byggja frekar á gæðum ákvarðanatöku heldur en niðurstöðum.“

Kristín hefur unnið með fjölmörgum stjórnendum fyrirtækja erlendis og á Íslandi til þess að bæta ákvarðanatöku, móta stefnu, hanna lykilmælikvarða og fleira. Hún segir að venjulega fari umtalsverð vinna í að sammælast um hvert markmið ákvörðunarinnar sé.

„Þegar ég hef unnið með stjórnendateymum er mjög algengt að mismunandi stjórnendur hafi ólík markmið í huga. Einn einblínir á vöxt, annar á gæði og sá þriðji á kostnað. Þessi markmið togast síðan á og valda því að illa gengur að meta mismunandi valkosti og að taka ákvörðun. Í svona tilfellum þarf að vinna með fólki og fastsetja hver sé hin raunverulegu markmið út frá framtíðarsýn fyrirtækisins," segir Kristín.

## Þarf ekki að vera flókið en krefst agaðra vinnubrögða

Þá segir hún að rekstrarumhverfi

sem tekur stöðugum breytingum vegna tækniframfara krefjist þess af stjórnendum að þeir læri hratt og tileinki sér nýjar nálganir. Það aftur krefjist auðmýktar gagnvart hyggjuvitinu.

„Leiðtoginn, sem mun farnast vel á næstu árum, er sá sem er ekki fastur í sömu hjólförum, er snöggur að tileinka sér nýjungar og bregst fljótt við breyttu umhverfi. Leiðtogar þurfa að búa til umhverfi innan fyrirtækja sinna þar sem þeir fá nauðsynlegar upplýsingar og geta treyst á ferla sem nýtast þeim sem best við að taka ákvarðanir," segir Kristín.

Til að bæta ákvarðanatöku þarf að tileinka sér öguð vinnubrögð. Ferlið þarf ekki að vera flókið en það er mikilvægt að æfa sig strax á minni ákvörðunum til þess að búa sig undir þær stóru. Það er ekki vænlegt til árangurs að byrja fyrst að tileinka sér fagleg vinnubrögð þegar mikið er undir.

„Ég sé mikil tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til þess að ná enn betri árangri með þessum vinnubrögðum. Það þarf ekki að vera flókið að vanda ákvarðanatöku en það er vel þess virði til þess að ná sem oftast góðum niðurstöðum," segir Kristín.

## Valitor tapaði nærri 10 milljörðum króna í fyrra

Valitor Holding, sem er í eigu Arion banka, skilaði samtals 9,54 milljarða króna tapi í fyrra og fimmmaldadist tapið á rekstri samstæðunnar frá fyrra ári. Þar munaði mestu um rúmlega 5,8 milljarða króna tap vegna aflagðrar starfsemi sem tengist einkum sölu á alrársalausnum (e. omni-channel solutions), vörulínu fyrir evrópsk stórfyrirtæki, sem hafa ekki staðið undir væntingum og hefur Valitor dregið verulega úr fjárfestingum í þeirri starfsemi.

Í nýjum ársreikningi Valitor Holding, sem var samþykktur á aðalfundi félagsins í lok síðasta mánaðar, kemur fram í skýrslu

stjórnar að á árinu 2019 hafi félagið tekist á við „meiri áskoranir en nokkru sinni fyrr í rekstrinum. Stærsti viðskiptavinur félagsins í færsluhirðingu [Stripe] ákvað að verða eigin færsluhirðir og flutti því viðskiptin frá Valitor í júlí 2018. Þetta hafði veruleg áhrif á tekjur og færsluvöxt sem var þó að hluta til vegið upp af lægri sölukostnaði. Jafnframt stóð fyrirtækið frammi fyrir sömu áskorunum og það gerði árið 2018, þar á meðal mikilli samkeppni í greiðslumiðlun á öllum mörkuðum með tilheyrandi minni framlegð," segir í skýrslunni.

Heildartekjur Valitor, sem var að meðaltali með rúmlega 400 manns



Herdis Fjeldsted tók við sem forstjóri Valitor í mars síðastliðnum.

í vinnu á Íslandi, Danmörku og Bretlandi í fyrra, námu 15,9 milljörðum króna og drögust saman um nærri 4,5 milljarða á milli ára, fyrst og fremst vegna samdráttar í

þóknunartekjum vegna færsluhirðingar. Rekstartap félagsins var 4,2 milljarðar króna borið saman við 1,3 milljarða á árinu 2018. Samtals nam launakostnaður félagsins tæplega sex milljörðum króna í fyrra og jókst um meira en milljarð á milli ára. Alls voru bókfærðar 457 milljónir króna í árslok vegna starfslokagreiðslna á árinu 2020.

Eigið fé félagsins var um 4,5 milljarðar króna í árslok 2019 og eiginfjárlutfallið 13,7 prósent. Í apríl síðastliðnum var hlutfé Valitor Holding aukíð um 3,5 milljarða þegar Arion banki skuldbreytti láni sínu á hendur félaginu í hlutfé.

Í skýrslu stjórnar Valitor segir að

rekstrarhæfi félagsins sé tryggt og að félagið hafi nægt lausafé til að mæta neikvæðu fjárfreymsi í náinni framtíð. „Verulegar breytingar hafa ferlið gerðar til að endurheimta arðsemi með það að markmiði að EBITDA verði jákvæð innan tveggja ára. Skerpt hefur verið á áherslum í rekstri og fækkað í mannafla. Framtíðaráætlanir byggja á þeirri stefnu að Valitor einbeiti sér fyrst og fremst að færsluhirðingarlausnum (fyrir litil og meðalstór fyrirtæki og stærri samstarfsaðila sem endurseljji til evrópskra viðskiptaaðila), auk þess að bjóða upp á útgáfulausnir fyrir íslenska banka," segir í skýrslunni. – hae

# Jafnaðu þig hjá Orkunni



## Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!



Lykil- og korthafar skrá  
sig í kolefnisjöfnun  
á orkan.is



7 króna afsláttur  
af hverjum lítra fer  
í kolefnisjöfnun



Votlendissjóðurinn  
kolefnisjafnar þitt  
framlag



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is



Ragnar Þór stundaði íþróttir á árum áður. Þar gilda sömu lögmál og í viðskiptum þegar raðað er saman í lið. „Það þarf að raða saman hópi þar sem hver treystir öðrum, hver hvetur annan áfram og hlakka

# Áhersla á að halda áfram að vaxa eftir COVID-19

Fyrirtækið hefur tekið stakkaskiptum frá árinu 2006 og vikkað út starfsemina. Veltan jókst úr tveimur milljörðum króna árið 2012, í 5,5 milljörðum árið 2019. Þegar segir mikilvægt að hafa gaman og leggur upp úr því að eiga ekki í samstarfi við birgja sem eru leiðinlegir. Mikilvægt að ráða fólk sem smíðar

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivifill@frettabladid.is



Öryggismiðstöðin hefur vaxið hratt frá því að Ragnar Þór Jónsson tók við sem forstjóri. Starfsmenn voru um 100 árið 2006 en voru 500 síðasta sumar. Bregðast þurfti við breyttum aðstæðum vegna kórónaveirunnar og eru starfsmenn nú um 400. Fyrirtækið byggir á mörgum stöðum sem allar má tengja við lykilstyrkleika félagsins, sem er gífurlega öflug tækniþjónusta og stjórnstöð með viðbragðsþjónustu allan sólarhringinn.

„Það er í DNA fyrirtækisins að vilja vaxa, dafna og vera í forystu,“ segir hann. „Þegar ég tók við voru umsvif Öryggismiðstöðvarinnar um þriðjungur af helsta keppinaut okkar. Nú er umfangið álíka mikið. Reksturinn okkar hefur að sama skapi verið betri. Félagið var á þessum tímamarki mjög hefðbundið öryggisfyrirtæki.“

Árið 2012 velti fyrirtækið um

tveimur milljörðum króna en í fyrra námu tekjurnar 5,5 milljörðum króna. „Frá því að ég tók við hefur fyrirtækið í raun tekið stakkaskiptum og með frábæru starfsfólki hefur starfsemin verið útvíkkuð verulega,“ segir hann aðspurður.

**Vöxtur byggður á styrkleikum**  
*Hver voru mikilvægustu skrefin í átt til vaxtar?*

„Við töldum að það takmarkaði vaxtarmöguleika fyrirtækisins að horfa á Öryggismiðstöðina einvörðungu sem öryggisfyrirtæki. Við áttuðum okkur á að fyrirtækið býr yfir tveimur lykilstyrkleikum: Starfsmenn fyrirtækisins eru á vakt allan sólarhringinn og tækni sviðið er feikilega öflugt. Lausnir sem byggja á þessum styrkleikum henta því rekstrinum vel. Með þeim hætti að nýta þessa styrkleika og horfa víðar yfir sviðið gátum við staðkætt að búðarborðið verulega og aukid umsvifin. Við tók mikil fjárfesting í viðskiptaþróun sem hefur verið grunnurinn að vexti fyrirtækisins.“

*Horfðu þið til erlendra fyrirmynnda? Horfa erlend öryggisfyrirtæki jafn vítt á sitt starfsvið?*

„Nei, almennt ekki, enda eru markaðir erlendis yfirleitt af þeirri

**Miðað við lykilstyrkleika fyrirtækisins, sem er framúrskarandi tækni svið og sólarhrings vakt auk einstaks hugarfars starfsmanna, á fyrirtækið að geta vaxið um tíu til 20 prósent á ári.**

stærðargráðu að það er einfaldara að halda sérhæfingu. Það er hins vegar í okkar DNA að vilja vaxa, dafna og vera í forystu. Það hentar okkur best. Þannig má segja að breytt áhersla og menning í fyrirtækinu hafi drifið áfram þennan mikla vöxt.“

Til viðbótar við hefðbundna öryggisgæslu býður fyrirtækið til sölu sjúkrarúm, hjólastóla, framleiðir ökskúrteini, selur slökkvitæki, hefur hjúkrunarfræðinga í vinnu sem taka blóðsýni úr þeim sem grunaðir eru um ölvun við akstur, selur bókasafnsvelar, er að setja upp nýja kynslóð hraðeftirlitsmyndavéla fyrir Vega-gerðina, selur bílastæðakerfi fyrir

bílastæðahús og hefur selt Isavia landgöngubrýr sem eru á leiðinni til landsins. Til viðbótar er rekið verkstæði sem gerir við hjólastóla, göngugrindur, rafskutlur og breytir bílum fyrir fatlað fólk.

„Við höfum fundið leiðir til að leysa þau verkefni vel sem við tökum að okkur. Við undirbúum okkur vel og setjum vörur og þjónustu á markað þegar við erum fullviss um gæðin. Þannig settum við til dæmis fyrst öryggisfyrirtækja á markað Snjallöryggi, nýja og snjallari kynslóð öryggiskerfa og nú síðast snjallari öryggishnappa, sem tengja betur saman notanda hnappsins, öryggisþjónustu okkar og aðstandendur í gegnum svokallað fjölskylduapp.“

*Hvernig skiptast tekjur Öryggismiðstöðvarinnar?*

„Reksturinn skiptist í grunninn í öryggisvið, tækni svið og búnaðarsölu. Tekjurnar skiptast nokkuð jafnt á milli sviða. Um 90 prósent af okkar tekjum koma frá fyrirtækjum og stofnunum en 60 prósent af viðskiptavinum okkar eru einstaklingar. Meginhluti veltu er því á fyrirtækjahliðinni þó fjöldi viðskiptavina sé meiri á einstaklingsmarkaði.“

**Breyttur hugsunarháttur**  
*Hvernig tókst fyrirtækinu að auka umsvifin verulega og skila hagnaði á sama tíma?*

„Við höfum gætt ihaldssemi í fjármálum og valið af kostgæfni þau nýju tækifæri sem við gripum. Það var engu að síður meiriháttar vinna sem fór í að breyta hugsunarhætti starfsfólks og tók langan tíma að fá það með í þessa vegferð.“

*Hvað þurfti að gera til að fá starfsfólkið með í breytingarnar?*

„Starfsfólkið þurfti að öðlast aukid sjálfstraust og ríkari trú á eigin hæfileikum. Sjálfstraust þess jókst með hverju skrefi sem við tókum. Fyrst fórum við í eitt verkefni og þá jókst sjálfstraustið, svo var farið í annað verkefni og þá fylltist það enn meiri trú á sér. Með auknum verkefnum og árangri í því sem við tókum okkur fyrir hendur sá starfsfólkið að það réð vel við breytingar. Við njótum líka góðs af því að tækni sviðið okkar elskar að takast á við nýjar áskoranir.“

Okkur helst vel á starfsfólki, því liður vel herna. Þeir sem hafa eldmóð fá fleiri verkefni og vaxa í starfi. Það hafa margir til dæmis byrjað sem öryggisverðir og unnið sig upp.“





r til að mæta til leiks.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# COVID-19

milljarða í fyrri. Forstjórinn tar út frá sér gleði og ánægju.

Það má sjá mikinn vöxt í tekjum, eða um fjórðung, úr fjórum í fimm milljarða á milli árunna 2017 og 2018. Hvað skýrir þennan mikla vöxt?

„Aukin umsvif í Keflavík áttu stóran þátt í vexti félagsins á þeim tíma. Þar komum við upp mjög öflugum og umfangsmiklum rekstri. Á tólf mánaða tímabili urðum við hins vegar fyrir ýmsum skakkaföllum: WOW air varð gjaldþrota, Icelandair háði varnarbáttu því það gat ekki flogið nýjum Boeing MAX 8 flugvéllum sínum, og loks lágu flugsamgöngur niðri vegna COVID-19.“

Vöxtinn á tímabilinu má einnig reka til aukinna verkefna í öryggisgæslu og viðskiptaþróunar. Hluta af vextinum má þakka nánú samstarfi við viðskiptavinum sem leiddi til nýrra verkefna.“

Þá segir Ragnar Þór að það hafi einnig til að mynda verið mikill vöxtur undanfarin ár í snjall-öryggi. „Öryggismiðstöðin varð fyrst til að bjóða upp á þessa tækninýjung á markaðnum. Við leggjum metnað í að vera fyrri til að bjóða áhugaverðar vörur. Tæknin gerir það að verkum viðskiptavinir geta til dæmis verið í fríi erlendis en samt tekið á móti iðnaðarmanni. Í

## Umræða um hlutabótaleiðina á villigötum

Ragnar Þór segir að umræðan um hlutabótaleiðina, sem komið var á fót til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum kórónaveirunnar, sé á villigötum. Öryggismiðstöðin nýtti úrræðið, því hluti af starfsminni lá niðri. Öryggisráðstafanir vegna COVID-19 gerðu það að verkum að tæknimenn fyrirtækisins gátu um skeið til dæmis ekki mætt og þjónustað fyrirtæki, og rekstur öryggisþjónustu á Keflavíkurflugvelli – sem hafði 150 starfsmenn þegar mest var – liggur nánast niðri. Nú eru þar sex starfsmenn.

„Við nýttum hlutabótaleiðina í stað þess að segja upp starfsfólki. Stjórnvöld kynntu úrræðið sem lið í því að verja störf í landinu. Það var skynsamlegt útspil af hálfu ríkisstjórnarinnar. Á þessum tíma vissum við ekki hvað morgundagurinn bæri í skauti sér, hvað þá hvernig umhorfs yrði í efnahagslífinu eftir mánuð, hvað þá meira.“

Á tólf mánaða tímabili urðum við hins vegar fyrir ýmsum skakkaföllum: WOW air varð gjaldþrota, Icelandair háði varnarbáttu því það gat ekki flogið nýjum Boeing MAX 8 flugvéllum sínum og loks lágu flugsamgöngur niðri vegna COVID-19.

gegnum síma er hægt að slökkva á öryggiskerfinu og hleypa honum inn með snjalllæsingu.“

### 150 voru í Keflavík

Þið hafði væntanlega þurft að fjárfesta mikið í uppbyggingunni á Keflavíkurflugvelli? Í hverju fólst sú fjárfesting?

„Við fjárfestum ríkulega til að koma starfsminni á koppinn. Við vorum með 150 þrautþjálfaða starfsmenn á sviði öryggismála í vinnu þegar mest var. Til þess að starfsmennirnir gætu sinnt starfinu sínu urðum við að fjárfesta í þjálfun. Við erum einfær um að þjálfva mannskapinn sem skiptir okkur máli. Við tókum veðmál með ferðaðnaðinum og höfum enn þá trú á að það veðmál skili sér.“

Er einhver starfsemi á ykkar vegum í Keflavík núna?

„Við urðum að segja upp öllum nema sex starfsmönnum vegna þess að millilandaflugflug lá niðri vegna COVID-19. Við erum þó að komast aftur af stað og gátum endurráðið nokkuð stóran hóp starfsmanna í nýtt verkefni, en við vorum að skrifa undir samning um að aðstoða við að skima ferðalanga fyrir kórónaveirunni sem koma til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll. Það hefur í för með sér að við getum endurráðið 30-40 starfsmenn. Það eru mikil gleðitíðindi.“

Hvernig passa heilbrigðismál hjá öryggisfyrirtæki?

„Eins og ég sagði áður þá pössum við upp á að það sem við tókum okkur fyrir hendur passi vel við lykilstyrkleika okkar. Upphafið má rekja til þess að við höfum að bjóða upp á öryggishnapp fyrir eldri borgara, fatlað fólk og sjúklinga. Hnappurinn veitir ómetanlegt öryggi og gerir til dæmis öldruðum sem lenda í vanda, eins og til dæmis hrasa og geta ekki staðið aftur upp, kleift að kalla eftir aðstoð. Þegar þrýst er á hnappinn opnast talsamband við starfsmann Öryggismiðstöðvarinnar á stjórnstöð, sem getur gripidd til videigandi ráðstafa og sent öryggisvörð á útkallsbil rakleidis á staðinn. Sú þjónusta leiddi til þess að við fórum að rýna í lýðfræði hér-lendis og komumst að raun um að eldri borgurum mun fjölga hratt á næstu 20 árum, ekki síst hlutfallslega miðað við aðra aldurshópa.“

Á svipstundu átti hlutabótaleiðin ekki lengur að verja störf in landinu, heldur verja störf hjá fyrirtækjum sem gengið hefur illa.

Í miðju kafi breyttu stjórnvöld um stefnu og sögðu að hlutabótaleiðin væri eingöngu fyrir fyrirtæki sem stæðu höllum fæti. Fyrirtæki eins og okkar, sem stendur ágætlega en varð fyrir miklum búisfjum, eigi ekki að nýta hana.

Á svipstundu átti hlutabótaleiðin ekki lengur að verja störf in landinu, heldur verja störf hjá fyrirtækjum sem gengið hefur illa. Það er undarleg hagstjórn. Það hafði í för með sér að stöndugri fyrirtæki urðu að ráðast í upp-sagnir fyrir en ella, og því var ekki

Í kjölfarið hófum við leit að tækifærum sem henta okkar styrkleikum. Velferðarfyrirtæki hafa almennt ekki yfir að ráða jafn öflugu tæknisviði og við, og í því felast tækifæri. Það leiddi til dæmis til þess að við sáum tækifæri til að bjóða upp á margvíslegar velferðartæknilausnir, sem krefjast umtalsverðrar tækniþekkingar og þjónustu. Þar á meðal mætti til dæmis nefna sérhæfðar tölvur til tjáskipta og umhverfisstjórnunar, sem nota augnstýribúnað.

Almennt má segja að í velferðartækni séum við á heimavelli þegar hlutir tengjast á einhvern hátt rafmagn. Við erum leiðandi í bíla-breytingum fyrir fatlað fólk og rekum sérhæft verkstæði fyrir slík verkefni. Við bjóðum rafskutlur, rafmagnshjólástóla, rafknúin hjúkrunar- og sjúkrarúm og margvíslegan lyftibúnað til að létta umönnun. Þjónustu- og vöruframboð Öryggismiðstöðvarinnar vinnur þannig vel saman við styrkleika okkar.“

Ragnar Þór segir að lögd sé rík áhersla á að Öryggismiðstöðin komi „ekki nálægt verkefnum sem við treystum okkur ekki til að leysa afar vel af hendi. Það tekur langan tíma að byggja upp orðspor og skamman tíma að skemma það, efilla er staðið að málum.“

Hvernig er Öryggismiðstöðin í stakk búin að takast á við samdrátt?

„Það er engin launung að það er flókið viðfangsefni að takast á við jafn snarpaniðursveiflu og COVID leiddi af sér. Svo ekki sé talað um þá miklu óvissu sem ríkti í fyrstu. Í COVID-19 drögust tekjur meðal annars saman vegna þess að tæknimenn okkar gátu ekki heimsótt viðskiptavinum. Tæknisviðið starfaði á helmings afköstum í nokkrar vikur. 150 starfsmenn fyrirtækisins urðu að fara á hlutabætur. Flestir þeirra störfuðu á Keflavíkurflugvelli. Hinn 25. maí náðum við að breyta öllu til baka – nema í Keflavík – og því eru allir komnir aftur í fullt starf. Hlutabótaleiðin var því fyrirtækinu klakklaust í gegnum þessar erfiðu vikur.“

Það sýnir samstöðu og styrk starfsfólksins að við vorum búin að setja af stað 4DX-átaksverkefni fyrir COVID sem miðaði að því að minnka sóun í fyrirtækinu. Þegar COVID skall á kom ekki annað til greina en að halda því verkefni áfram og nú í lok maí voru starfsmenn búnir að ná fullum árangri í því verkefni. Þarna héldu starfsmenn fullkomlega haus og fókus í miðjum heimsfaraldri.“

Hver verður áherslan í rekstri Öryggismiðstöðvarinnar eftir COVID-19?

„Halda áfram að vaxa. Það eru fjölmörg tækifæri til þess. Við ætlum að halda áfram að nýta við þau tækifæri sem gefast. Við erum þessa dagana til að mynda að vinna í mjög spennandi verkefnum er varða

verið að verja störf í eins miklum mæli og kostur var á. Varla var leiðin hugsuð til að rétta af samkeppnisstöðu fyrirtækja í óhagkvæmari samkeppnisrekstri?“

Það er afar óheppilegt – sérstaklega þegar óvissa er mikil – að stjórnvöld skipti um kúrs með þessum hætti. Það gerði okkur og fleiri fyrirtækjum erfitt fyrir. Ég hefði viljað sjá hagsmunasamtök atvinnulífsins mótmæla kröftuglega.“

Það verður ekki fram hjá því lítið að efnahagsniðursveiflan er í raun ákvörðun stjórnvalda. Þetta er í fyrsta skipti í heimssögunni sem stjórnvöld taka ákvörðun um að það verði heimskreppa. Kórónaveiran hefði alltaf leitt til samdráttar, en hann hefði vafalaust orðið með öðrum hætti ef öll lönd hefðu lagst á árar með að verja aldræða og þá sem eru viðkvæmari fyrir sýkingu, en leyft öðrum að fylgja eigin hyggjuviti,“ segir hann.

Mannauðssérfræðingar myndu eflaust segja að þetta sé ekki rétta leiðin og ég sé með allt í skrufunni, en fyrir okkur svínvirkar þetta skipulag.

rekstur og þjónustu bílastæða. Við höfum sett saman mjög öflugt vöru- og þjónustuframboð þegar kemur að rekstri bílastæða og sjáum frekari tækifæri þar.“

### Getur haldið áfram að vaxa

Eftir mikinn vöxt undanenginna ára, átt þú eftir að geta leitt Öryggismiðstöðina áfram í miklum vexti eftir tíu ár, eða kemur að þeim tímapunkti að vöxturinn verði að baki og þú farir að gera eitthvað allt annað?

„Það getur vel verið að ég snúi mér að öðrum verkefnum eftir tíu ár. Þegar ég verð orðinn gamall og grár, eða grárri. En Öryggismiðstöðin á að geta haldið áfram að vaxa hratt. Fyrirtækið þarf að vera undir það búíð að sumt af því sem við gerum verði ekki til staðar eftir áratug, einfaldlega vegna þess að almenn tækni mun þróast og breyta forsendum sem við gefum okkur í dag. Þannig munu sum verkefni sem við sinnum í dag hverfa og verða leyst með allt öðrum hætti. Þess vegna þarf fyrirtækið ávallt að stefna á að vaxa og dafna og bæta sífellt við sig fjöðrum. Annað er ekki valkostur í mínum huga.“

Miðað við lykilstyrkleika fyrirtækisins, sem er framringskarandi tæknisvið og sólarhringsvakt, auk einstaks hugarfars starfsmanna, á fyrirtækið að geta vaxið um tíu til 20 prósent á ári. Það á á öllum tímum að geta vaxið hraðar en markaðurinn.“

Þú kemur úr skipaflutningum, sem er ansi ólíkur geiri og kannski fastheldnari, en kemur svo til Öryggismiðstöðvarinnar með hugarfar sem einkennist af því að leita stöðugt að nýjum vaxtartækifærum. Hvernig kom það til?

„Ég hafði ekki þetta viðhorf þegar ég var ráðinn til Öryggismiðstöðvarinnar. Á þeim tíma var þetta ekki einn af mínum styrkleikum. Ég var bara hefðbundinn rekstrarkarl. En með stjórnendahópnum áttaði ég mig hratt á tækifærunum í grunnstarfseminni, svo þroskast maður og þróast í starfi.“

Hvernig kom það til að þú varst ráðinn forstjóri Öryggismiðstöðvarinnar árið 2006?

„Ég var áður framkvæmdastjóri hjá Eimskip. Erlendur Hjaltason hafði um árábil starfað fyrir skipafélagið rétt eins og ég, en gegndi á þessum tíma starfi forstjóra Exista. Fjárfestingafélagið hafði skömmu áður keypt VÍS, sem átti meirihluta í Öryggismiðstöðinni. Það voru mikil tækifæri til að gera betur í

rekstrinum og bauð Erlendur mér að leiða félagið. Ég og aðrir starfsmenn fyrirtækisins náðum fljótt góðum tókum á rekstrinum. Árið 2007 gaf strax tóninn, en það varð það besta í sögu félagsins, sem nær aftur til ársins 1995. Síðan þá hefur rekstur félagsins ávallt einkennst af vexti og ásættanlegum rekstrarárangri.“

Þið hafði væntanlega notið þess í hrúinu 2008 að hafa tekið rekstur Öryggismiðstöðvarinnar föstum tókum?

„Já, við höfðum bætt reksturinn verulega og eftl efnahaginn. Annars hefðum ekki komist í gegnum hrúnið. Við brugðumst hratt við. Fyrir lok október var búíð að ráðast í allar þær aðgerðir sem þurfti, eins og að fækka fólki. Hinn 1. nóvember var strax farið í að leita að tækifærum til að vaxa.“

Kreppa á kínversku er samsett af tveimur orðum: ógn og tækifæri. Það er afar lýsandi því að í öllum aðstæðum eru tækifæri; fyrirtæki þurfa að verja sig gagnvart ógnum og gripa tækifærin.“

Árið 2012 komu inn nýir hluthafar. Segðu mér aðeins frá því.

„Árið 2010 fékk ég VÍS og nokkra aðra stjórnendur Öryggismiðstöðvarinnar til liðs við mig til að kaupa hlut Exista, Saxhóls og BYGG í fyrirtækinu. Tveimur árum síðar ákveður VÍS að selja 80 prósent hlut sinn. Ég átti forkaupsrétt að hlutabréfunum og fékk Hjörleif Jakobs-son og Guðmund Ásgeirsson til að kaupa þau með mér. Ég þekkti Hjörleif eftir að hafa setið með honum í stjórn Samskipa. Það er frábært að vinna með þeim tveimur. Þeir eru heiðarlegir og vandaðir. Öryggismiðstöðin nýtur jafnframt góðs af langri reynslu þeirra í viðskiptum, þeir eru sjóaðir og hafa upplifað nánast allt.“

Ragnar Þór og eiginkona hans, Auður Lilja Davíðsdóttir, eiga sam- anlagt 30 prósent hlut í Öryggismiðstöðinni.

### Mikilvægt að hafa gaman

Hvað hefur þú lært á þessu ferðalagi?

„Hvað það er mikilvægt að hafa gaman af því sem maður gerir.“

Ragnar Þór viðurkennir að hann leggi upp úr því að Öryggismiðstöðin eigi ekki í samstarfi við birgja sem séu leiðinlegir. „Það þarf að vera gaman að hittast. Ég get ekki boðið starfsfólkinu upp á að vinna með erfiðum birgjum. Það gæti eyðilagt gleðina og drifkraftinn sem einkennir vinnustaðameninguna.“

Hann heldur áfram að ræða um lærdóminn af rekstri Öryggismiðstöðvarinnar. „Ég hef gert margt vitlaust miðað við hvað fræðin segja. Margir af framkvæmdastjórnunum eru orðnir mínir bestu vinir. Við tókumst vissulega á í fundarherberginu, enda er það heilbriggt, en við erum nánir vinir engu að síður. Þeir standa sig ótrúlega vel og vita að þótt við séum ekki sammála í einu og öllu geta þeir gengið að starfi sínu visu á morgun, enda standa þeir sig glimrandi vel. Eiginkona mín er í framkvæmdastjórninni, hún hefur starfað mun lengur hjá fyrirtækinu en ég og hefur unnið sig upp.“

Réðst þú hana sem framkvæmdastjóra?

„Ég réð hana sem framkvæmdastjóra. Þegar staða framkvæmdastjóra sölusviðs losnaði sögðu hinir framkvæmdastjórnarnir að ég ætti ekki annarra kosta vól. Ljóst væri að hún væri hæfust til að gegna starfinu. Mannauðssérfræðingar myndu eflaust segja að þetta sé ekki rétta leiðin og ég sé með allt í skrufunni, en fyrir okkur svínvirkar þetta skipulag.“

Í gamla daga var ég í íþróttum. Þar gilda sömu lögmál. Það er ekki hægt að velja saman bestu einstaklingana á pappír til að skapa gott lið. Það þarf að ráða saman hópi þar sem hver treystir öðrum, hver þvetur annan áfram og hlakkar til að mæta til leiks. Liðsheild nær ekki árangri nema hún viti hverjir styrkleikar og veikleikar hvers eru. Sömu lögmál gilda í rekstri fyrirtækja. Það þarf rétt hugarfar og að finna fólk sem smitar út frá sér gleði og ánægju.“



Íslenskt neftóbak hefur notið mikilla vinsældir á liðnum árum.

## Vilja frekari upplýsingar um fjárhag ÁTVR

Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir því við forsvarsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að kostnaður við rekstur fyrirtækisins verði sundurliðaður eftir kostnað vegna sölu á áfengi annars vegar og tóbaki hins vegar. Þetta staðfesti Ríkisendurskoðun við Markaðinn í gær.

Áfengissala á árinu 2019 nam tæplega 27,3 milljörðum króna en tóbakssala hljóðaði upp á 9,6 milljarða. Hagnaður ársins 2019 var ríflega einn milljarður.

» **Ætla má að töluvert tap sé á rekstri áfengishluta ÁTVR á meðan mikill hagnaður er af tóbakssölu.**

Í ársreikningnum kemur ekki fram hver aðgreindur kostnaður vegna áfengis- og tóbakssölu er, en takmörkuð dreifing á tóbaki og fá stöðugildi tengd þeim hluta starfseminnar gefa sterklega til kynna að hagnaður af tóbakssölu standi undir töluverðu tapi af áfengishlutanum, samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins.

Ætla má að áfengishluti ÁTVR hafi verið rekinn með tapi upp á ríflega 200 milljónir króna á árinu 2018, á meðan tóbakssalan skilaði hagnaði upp á 1,3 milljarða, samkvæmt mati Arnars Sigurðssonar, sem er vinnuflytjandi. „Í lögum um ÁTVR segir að fyrirtækið skuli starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skadlegri neyslu áfengis. Niðurgreiðsla á sölu áfengis fyrir atbeina tóbakssölu getur varla samræmst þessu markmiði laganna,“ segir Arnar í samtali við Markaðinn.

Samkvæmt núverandi lögum hvílir ekki lagaskylda á ÁTVR að vera með fjárhagslegan aðskilnað á bókhaldi milli smásölu á áfengi og tóbaki. Fyrirtækið gefur upp aðskildar sölutölur, en ekki aðfangakostnað. Ekki náðist í Sigrúnu Ósk Sigurðardóttur, aðstoðarforstjóra og fjölmiðlatengilið ÁTVR, við vinnslu fréttarinnar. – þg

## Athugasemd SKE við Skotsilfri

Samkeppniseftirlitið vill kom á framfæri athugasemdum vegna Skotsilfris Markaðarins sem birtist í síðustu viku og fjallaði um kaup Festar á versluninni Super1 við Hallveigarstig.

Í fyrsta lagi segir í athugasemdinni að ekki sé rétt að eftirlitið hafi gert áskilnað um að tiltekna verslanir í eigu Haga yrðu seldar til allra annarra en Festar.

Í öðru lagi vill Samkeppniseftirlitið leiðrétta að það hafi samþykkt kaup Festar á verslun Ísborgar, rekstraraðila Super1. Svo sé ekki en hins vegar hafi það veitt samrunaaðilum undanþágu frá banni samkeppnislaga um framkvæmd samruna og metið Festi hæfan kaupanda. Nánari athugun á samkeppnislögum áhrifum er ólokioð.

# Afrísk dótturfélög drífi áfram tekjuvöxt Creditinfo næstu ár

Tekjuvöxtur rekstrareininga í Afríku gæti numið 30% á ári næstu tvo áratugi. Creditinfo rekur starfsemi í alls ellefu Afrikulöndum. Um 10 prósent af tekjum fyrirtækisins mátti rekja til starfseminnar í Afríku á árinu 2019. Hagnaður Creditinfo meira en tvöfaldaðist milli ára og nam 3,38 milljónum evra á árinu.

Þórður Gunnarsson  
thg@frettabladid.is



Mikill vöxtur í umsvifum Creditinfo í Afríku var meðal þess sem orsakaði stórbætta afkomu fyrirtækisins á síðasta ári, segir Reynir Grétarsson, aðaleigandi og stjórnarformaður Creditinfo. Um 10% af tekjum fyrirtækisins á síðasta ári mátti rekja til starfseminnar í Afríku. Vöxtur umsvifa í Afríku gæti orðið ævintýrlegur á næstu áratugum, segir Reynir.

Creditinfo hagnaðist um 3,38 milljónir evra á árinu 2019, sem var meira en tvöföldun frá árinu áður.

Þrátt fyrir að mikill hagvöxtur hafi mælst í mörgum ríkjum Afríku á síðustu árum er margt sem stendur vexti smærri og meðalstórra fyrirtækja álfunnar fyrir þrífum. Fjárfesting er að miklu leyti afmörkuð við stór verkefni á borð við uppbyggingu innviða og auðlindanýtingu.

Í þróuðum hagkerfum eru smá og meðalstór fyrirtæki jafnan aflvaki hagvaxtar og atvinnusköpunar. Víða um Afríku er því verk að vinna við uppbyggingu innviða og upplýsingakerfa er snúa að fjármögnun smærri fyrirtækja.

„Til þess að fjármálakerfi virki þarf þrjú hluti; greiðslumiðlun, eignaskráningu og aðgang að fjárhagsupplýsingum,“ segir Reynir. Víða sé það svo að svokallaðar smáfjármögnunarlausnir (e. micro-financing) séu eina leið einyrkja og smærri fyrirtækja til að leita sér fjármögnunar.

Vegna þess að mikill skortur sé á upplýsingum um skilvísi og fjárhagsstöðu séu slík lán oft veitt á vöxtum sem mælast í hundruðum prósentu.

**Mikil vanskil kalla á okurvexti** Reynir segir að í samtali við banka- stjóra frá Filabeinsströndinni hafi komið fram að vanskil einstaklinga, einyrkja og smærri fyrirtækja væru vanalega í kringum 80% þar í landi. Þar af leiðandi þurfi að bæta upp fyrir þær afskriftir með himinháum vöxtum.

Með betri fjárhagsupplýsingum geti fjármálafyrirtæki álfunnar tekið betri ákvarðanir um fyrir-



Dótturfyrirtæki Creditinfo í Marokkó tvöfaldaði veltu sína á riflega þremur árum. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

# 46,7

milljónir evra voru heildartekjur Creditinfo Group í fyrra.

### 30% árlegur vöxtur næstu 20 árin

Heildartekjur Creditinfo á árinu 2019 námu um 46,7 milljónum evra, en þar af var um tíundi hluti vegna starfsemi í Afríku. „En þess hluti starfseminnar vex miklu hraðar en allt annað hjá okkur. Það má vel búast við 30% árlegum tekjuvexti í Afríku næstu tvo áratugin,“ segir Reynir.

Sem stendur er Creditinfo með starfsemi í Keníu, Tansaníu, Senegal, Filabeinsströndinni, Gíneu-Bissau, Malí, Búrkína Fasó, Níger, Benín, Tógó og Marokkó. Í síðastnefnda landinu festi Creditinfo kaup á fyrirtæki síðla árs 2015 og tókst að tvöfalda veltu á riflega þremur árum og nam 2,8 milljónum evra 2019. Í Keníu tókst að tvöfalda veltu á einu ári og hljóðaði rekstrarhagnaður upp á 500 þúsund evrur árið 2019.

### Bakslag leiðir af sér byltingu

Nokkurt bakslag kom í starfsemi Creditinfo í Afríku vegna farsóttarinnar sem hóf reið sína yfir heiminn í mars á þessu ári. Notkun lausna Creditinfo dróst saman um 50–80% þegar verst var.

» **Það sem nýtist okkur er að við komum af litlum markaði þar sem hlutirnir mega ekki kosta of mikið.**

Reynir Grétarsson, stjórnarformaður Creditinfo



Reynir bendir á að enn sem komið er sé nauðsynlegt að gera sér ferð í bankaútibú til að nýta sér þjónustu fyrirtækisins í flestum ríkjum Afríku.

Þegar útgöngubanni var komið á í Afríku líkt og víða um heim hafi verið einsýnt að notkunin myndi minnka: „En þetta er strax farið að jafna sig aftur og ég held að atburðir síðustu mánaða muni mjög hraða innleiðingu stafrænna lausna í bankþjónustu í mörgum Afríkuríkjum. Á síðustu árum höfum við séð slíkar byltingar þjóta áfram miklu hraðar þar en á öðrum stöðum,“ segir hann.

## KEA hagnaðist um 81 milljón króna

Hagnaður fjárfestingafélagsins KEA, sem er samvinnufélag staðsett á Akureyri, nam 81 milljón króna árið 2019. Til samanburðar tapaði fjárfestingafélagið 128 milljónum króna árið áður. Hreinar fjárfestingatekjur jukust úr 73 milljónum króna í 280 milljónir króna á milli ára. Arðsemi eiginfjár var eitt prósent á árinu 2019.

Eignir KEA drógust saman um 178 milljónir króna á milli ára og námu 8,1 milljarði króna. Það á hluti í óskráðum fyrirtækjum sem metnir eru á 4,4 milljarða, skráð skuldabréf fyrir 1,6 milljarða króna og fasteignir fyrir um 1,1 milljarð króna.

Á meðal óskráðra eigna KEA má nefna 44 prósentu hlut í Jarðböðunum sem metinn er á tvo milljarða króna, 5,5 prósentu hlut í Samkaup-



KEA á 44 prósentu hlut í Jarðböðunum sem metinn er á tvo milljarða króna.

» **Arðsemi eiginfjár fjárfestingafélagsins KEA á árinu 2019 var eitt prósent.**

um, metinn á 451 milljón króna, og 22 prósentu hlut í Norlandair metinn á 246 milljónir króna. Á meðal annarra fyrirtækja í eignasafninu má nefna Íslensk verðbréf og Slippinn Akureyri.

Í fyrra keypti KEA meðal annars 12,5 prósentu hlut í Sérleyfisbílum Ak-Norðurlandi á 59 milljónir króna. Miðað við það er rútfyrirtækið metið á tæpar 500 milljónir króna. Fjárfestingafélagið keypti jafnframt 17 prósentu hlut í fiskvinnslunni Marúlf á Akureyri fyrir 54 milljónir króna. – hvj



Helgi Már Þórðarson og Maron Kristófersson, stofnendur AHA. Rafmagnsnotkun dróna er hverfandi samanborið við bíl sem sinna myndi sama erindi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# AHA vinnur með Boeing að drónaflugi

Evrópusambandið leggur verkefninu til um 300 milljónir króna. Evrópsk flugmálayfirvöld og franska borgin Toulouse eru þátttakendur. AHA hefur gert tilraunir með dróna í fjögur ár. AHA aðstoðaði bresk heilbrigðisvörð með hvernig þau gætu nýtt dróna.

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivifill@frettabladid.is



Íslenska fyrirtækið AHA tekur þátt í verkefni á vegum Evrópusambandsins um það hvernig standa meggi að flutningi á vörum með drónum og leigubílaþjónustu í ómönnum loftföllum. Af öðrum sem taka þátt í verkefninu má nefna flugvélaframleiðandann Boeing, evrópsk flugmálayfirvöld og frönsku borgina Toulouse. Evrópusambandið leggur verkefninu til tæplega tvær milljónir evra, eða um 300 milljónir króna.

Þetta segja Maron Kristófersson og Helgi Már Þórðarson, stofnendur og aðaleigendur AHA, í samtali við Markaðinn. AHA þróar netverslunarkerfi og býður upp á dreifingu á vörum sem keyptar eru á netinu. Á meðal viðskiptavina eru Nettó og Pfaff og veitingastaðirnir Eldsmiðjan og Blackbox.

Maron segir að settur hafi verið saman hópur með eins breiða þekkingu á viðfangsefninu og mögulegt var til að geta dregið upp raunhæfa framtíðarsýn hvað drónaflug varðar. Aðspurður segir hann að óskað hafi verið eftir aðkomu AHA.

## Minnir á tilraunir með rafmagnsbíla

Maron líkir tilraunum fyrirtækisins með dróna við það þegar AHA hóf að prófa sig áfram með rafmagnsbíla. „Við keyptum fyrsta rafmagnsbílinn árið 2015. Við keyrðum hann ítrekað þar til bíllinn varð rafmagnslaus og lærðum hvernig ætti að greina og standa að rekstri bílanna. Nú eigum við 22 rafmagnsbíla. Það hefur sýnt sig að það er mun hagkvæmara en að reka bensínbíla. Þeir eru

nákvæmari í akstri og því verða færri tjón, einkum þegar þeim er bakkað, og þeir eru ódýrari í rekstri; bæði hvað varðar viðhald og ekki þarf að greiða háan eldsneytskostnað. Við keyrum mikið. Á hverjum degi keyrðum við aðeins lengra en til London og rafmagnsbílarinn hafa bráðum keyrt samanlagt tvisvar til tunglsins og til baka, eða um 1,5 milljónir kílómetra,“ segir hann.

Á Íslandi er gott að gera tilraunir með dróna enda er allra veðra von. Viða erlendis gæti þurft að bíða nokkuð lengi eftir tilraunaflugi í roki og rigningu.

Maron Kristófersson,  
framkvæmdastjóri AHA

## Tilraunir í fjögur ár

„Við höfum gert tilraunir með flutninga með drónum í fjögur ár. Á Íslandi er gott að gera tilraunir með dróna enda er allra veðra von. Viða erlendis gæti þurft að bíða nokkuð lengi eftir tilraunaflugi í roki og rigningu. Ísland er því fullkominn vettvangur til tilrauna af þessu tagi. Hvort það verði arðbært að reka drónaflug hér á landi þegar fram líða stundir á eftir að koma í ljós en það liggur í augum uppi að það verður arðbært erlendis,“ segir hann.

Að sögn Marons gerir flugvélaframleiðandinn Airbus ráð fyrir því að í París árið 2035 verði 20 þúsund ómönnum loftför á flugi á klukkun-

stund. „Það hlýtur að fækka akandi bílum á sama tíma um 10–15 þúsund,“ segir hann. Fyrirtæki á borð við Alphabet, eiganda Google, vinni að því að þróa flugumsjónarkerfi til að stýra drónaflugi.

„Kínverjar eru þegar byrjaðir að prófa sig áfram með að ferja fólk með drónum og Kitty Hawk, sem stofnendur Google fara fyrir, hefur þróað hljóðláta sjálffljúgandi flugvél til að flytja fólk á milli staða,“ segir hann.

Maron bendir á að rafmagnseyðsla dróna sé hverfandi samanborið við bíl sem myndi sinna sama erindi. „Bíll er tvö tonn og flytur vörur sem eru mögulega innan við tvö til þrjú kíló. Dróni getur til dæmis verið ellefu kíló og borið svipaða þyngd af vörum. Þeir eru að sama skapi öruggari en bílar og mun hljóðlátari,“ segir hann.

## Aðstoða Breta með dróna

Stofnendur AHA hafa metnað til að starfa á erlendri grundu. Fyrirtækið hefur til að mynda unnið með bresku heilbrigðisþjónustunni að því hvernig stofnunin gæti nýtt dróna í sinni þjónustu.

„Öll sú vinna sem leggja þarf í við þróun á netverslunarkerfi verður ekki nægilega arðbær á örmarkaði eins og Íslandi. Þess vegna leitum við út fyrir landsteinana þar sem

AHA hefur heildarlausn sem inniheldur ekki bara netverslun og öll tengd verkferli heldur líka rauntímahugbúnað sem sér um allt ferlið eftir að pöntun hefur verið gerð þar til viðskiptavinur hefur tekið við henni. Í slíkri heildarlausn munu drónar leika lykilhlutverk. Spurningin er hvort sú framtíðarsýn verði að veruleika eftir fimm, sjö eða níu ár. Reynslan sem við höfum þegar öðlast á því sviði mun skipta sköpum þegar fram í sækir.

Stórar erlendar keðjur sem við höfum átt í viðræðum við og velta álika miklu og dagvörumarkaðurinn hér heima átta sig á að vandinn við rekstur netverslunar felst líka í að sækja vörur, taka þær saman, og dreifa þeim á hagkvæman máta,“ segir Maron og nefnir að margar stórar verslanakeðjur erlendis hafa ekki náð að reka netverslanir með arðbærum hætti.

Maron segir að fyrirtækið hafi verið rekið réttum megin við strikið í fyrra. „Nýsköpunarfyrirtækið hefur náð þeim áfanga áður en fyrirtækið hefur verið rekið í á tíunda ár, alltaf á sömu kennitölunni. Uppbyggingin hefur að mestu verið fjármögnuð með tekjum en við höfum fengið þrjá fjárfesta til liðs við okkur sem deila sömu gildum. Við höfum vandað valið í þeim efnum en þeir eru lítt þekktir hér á landi,“ segir hann.

# Stutt við íslenskar vörur þegar á reynir

## Svipmynd

Katrín Amni Friðriksdóttir

### Nám:

Hagfræðingur frá Háskóla Íslands. Er með mastersgráðu frá Domus Academy í Milano á Ítalíu í Luxury Management.

### Störf:

Eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Kamni – business & brands og meðeigandi og framkvæmdastjóri ICEHERBS – natural supplements.

### Fjölskylduhagir:

Tvær dætur, 6 og 10 ára, og kærasti.

**K**atrín Amni Friðriksdóttir, eigandi ráðgjafarfyrirtækisins Kamni – business & brands og framkvæmdastjóri ICEHERBS – natural supplements, segir að mestu áskoranirnar hjá ICEHERBS í tengslum við COVID-19 hafi verið að þurfa að stöðva vöruþróun sem og að fresta því að fara með nýjar vörur á markað á fyrri hluta þessa árs.

*Hver eru þín helstu áhugamála?*

Ég elska vinnuna mína og allt tengt henni. Ég er mikill jógaáðandi, en annars eru það skíðin á veturna og hjól á sumrin. Svo er það bara útivist, börnin mín og vinir. Podkóst, sjálfsrækt, meðvitað uppeldi og fólk.

*Næru að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?*

Ég reyni allavega. Ætli maður sé ekki alltaf að dansa í kringum þessa línu. Að eiga börn ýtir við manni stöðugt að ná þessu tiltekna jafnvægi. En ég reyni meðvitað að sleppa skjánotkun á milli klukkan 17-20 á daginn og einnig fyrsta klukkutímann eftir að ég vakna. Ég er orðin ágætlega góð í að slökkva á hugarum á kvöldin og veit að sumu getur maður ekki breytt eða haft áhrif á fyrr en daginn eftir og því tilgangslaust að eyða orku í streitu og áhyggjur.

*Hvernig er morgunrúttin þín?*

Sturta, grænt te, tek inn ICEHERBS bætiefni, fer yfir dagskrá dagsins og markmið í hugarum, sleppi skjánotkun fyrsta klukkutímann, knúsa börnin mín og út í daginn. Ég er frekar virk manneskja og hröð og reyni því að gera



„Ég er mikill jógaáðandi, en annars eru það skíðin á veturna og hjól á sumrin,“ segir Katrín Amni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

allt mjög rólega og með rólegri rödd á morgnana. Tekst alls ekki alltaf.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Vá, stór spurning. Purpose eftir Ben Renshaw er frábær og mikið í takt við mína eigin sjálfsvinnu, sem ég hef unnið með markþjálfaranum mínum síðastliðin þrjú ár. Annars langar mig líka að nefna bókina Meðvirkni eftir Piu Mellody, hún er ein sú áhugaverðasta bók sem ég hef nokkurn tímann lesið og kom mér á óvart hve áhrifarík hún var. Sá lestur breytti viðhorfi mínu og viðbrögðum gagnvart svo mörgu í samskiptum og upplifun á aðstæðum í starfi og í leik.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?*

Mest krefjandi verkefni eru líklega bara þau, eins og hjá örugglega flestum, að horfa með bjart-

sýnisaugun fram á veginn þrátt fyrir stóruandlega byrjun á árinu 2020 vegna COVID-19 faraldursins og afleiddra áhrifa vegna hans, stöðvun og frestun á verkefnum og samningum og margt fleira. Svo birtir alltaf til þannig að það eru spennandi tímar fram undan eftir nokkra mánuði.

Hjá okkur í ICEHERBS natural supplements, hafa mestu áskoranirnar verið þær að þurfa að stöðva og fresta vöruþróun og innsetningu nýrra vara á markað, sem voru áætlaðar í hillur á fyrri hluta þessa árs. En það er líka hægt að líta á tækifærin í því, þar sem við höfum getað rýnt enn frekar í hvert stig vöruþróunarinnar og fleira tengt því að koma nýrri vöru á markað, sem við kannski höfum ekki alltaf haft tímann í.

*Hvaða áskoranir eru fram undan?*

Hjá okkur í ICEHERBS er stór

**Við finnum það líka í samstarfinu við smásöluna, verslanakeðjur og apótekin að það vilja allir styðja við íslensk fyrirtæki og íslenskar vörur, það er mikill stuðningur frá þeirri hlið, sem sýnir hvað við Íslendingar erum öflugir þegar á reynir.**

áskorun að komast inn á erlenda markaði með sem minnstum tilkostnaði, en það er langhlaup. Annars er það auðvitað bara efna- hagsstaðan yfir höfuð, COVID og ráðstöfunartekjur heimilanna, þar sem við framleiðum og seljum vörur í smásölu. En landinn er jafnvel að

hlúa enn frekar að eigin heilsu núna en áður og eyðir meiri peningum hér á landi en erlendis, sem er jákvætt fyrir innlenda framleiðslu. Við erum líka með sterkan kunnahóp sem notar bætiefnin okkar að staðaldri, 12 mánuði á ári og erum við ótrúlega þakklát fyrir það, sérstaklega á tímum sem þessum. Við finnum það líka í samstarfinu við smásöluna, verslanakeðjur og apótekin, að það vilja allir styðja við íslensk fyrirtæki og íslenskar vörur, það er mikill stuðningur frá þeirri hlið, sem sýnir hvað við Íslendingar erum öflugir þegar á reynir.

*Ef þú þyrftir að velja annan starfs- frama, hvað yrði fyrir valinu?*

Ég er alltof hvatvis til þess að velja eitthvað eitt! Það væri þá eitthvað bara skemmtilegt stúss og vesen. En annars væri ég til í að vera jóga- kennari á Kosta Ríka og borða kókoshnetur í öll mál.

## SÍA III keypti Men&Mice á 832 milljónir króna

**S**ÍA III, sjóður í rekstri Stefnis, keypti 93 prósent hlut í tækni- fyrirtækinu Men&Mice á 832 milljónir króna í fyrra. Magnús Eðvald Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og nokkrir aðrir lykilstjórnendur eiga það sem eftir stendur. Kaupverðið kemur fram í ársreikningi sjóðsins, sem er einkum í eigu lífeyrissjóða, fyrir árið 2019.

Fram kom í Markaðnum við kaup sjóðsins á tækniyrirtækinu í september í fyrra að hann myndi styðja við frekari vöxt félagsins. Men&Mice starfi á markaði sem vex tíu til 20 prósent á ári. Horft sé til vaxtar í Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Tekjur Men&Mice hafa vaxið hratt á undanförunum árum og námu 7,5 milljónum dollara, jafnvirði eins milljarðs króna, árið 2018. Á milli áruna 2017 og 2018 var vöxturinn 52 prósent. Hagnaður ársins 2018 var 2,2 milljónir dollara, jafnvirði 306 milljóna króna.

SÍA III hagnaðist um 465 millj-



Magnús Eðvald Björnsson, framkvæmdastjóri Men&Mice.

ónir árið 2019 til samanburðar við 302 milljónir króna árið áður. Hagnaðinn má rekja til gangvirdis- breytinga eignahluta í félögum. Eignir sjóðsins jukust úr 6,4 milljörðum króna í 8,7 milljarða króna á milli ára.

Sjóðurinn á hlut í félagi sem byggir fimm stjórnur Edition hótél við Hörpu, 70 prósent hlut í Lyfju, 65 prósent hlut í Gámaþjónustunni og 70 prósent hlut í vélsmiðjunni Hamri. – hvj

## Uppbygging í fasteignaþróun dró úr hagnaði Íslenskrar fjárfestingar

**H**agnaður samstæðu Íslenskrar fjárfestingar nam 188 milljónum króna í fyrra, samanborið við þrjár milljónir króna árið áður. Tekjur jukust um 17 prósent á milli ára og námu 36,2 milljörðum. Arðsemi eigin fjár var fjögur prósent í fyrra. Eiginfjárlutfallið lækkaði um tvö prósentustig í 18 prósent.

Íslensk fjárfesting er í jafnri eigu Arnars Þórissonar og Þóris Kjartanssonar. Í fyrra greiddi félagið eignum sínum 64 milljónir króna í arð. Eigið fé samstæðunnar er 4,1 milljarður króna.

Fyrirtækið fjárfestir í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og fasteignum. Það á meðal annars 73 prósent hlut í ferðaþjónustunni Kilroy, RR hótél, 90 prósent hlut í hjúkrunarheimilinu Söltúni og stendur fyrir uppbyggingu íbúða á Kársnesi í Kópavogi.

Íslenskar fasteignir, sem Íslensk fjárfesting á 60 prósent hlut í, er með í stýringu verkefni þar sem framkvæmdavirði nálgast hátt í



Íslensk fjárfesting á meðal annars Hverfisgötu 21. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFNÁN

35 milljarða króna. Starfsmenn samstæðunnar voru 672 við lok árs.

„Mikil vinna fór í fasteignarþróun- arverkefni og uppbyggingu á öldr- unarþjónustu samstæðunnar og telja stjórnendur að rekstrarniður- stada ársins lýsi ekki vel hvernig til tókst á árinu. Standa vonir stjórn- enda til að síðar innleysti töluverð- ur hagnaður, sem í dag er fastur í

fasteignarþróunarverkefnum,“ segir í ársskýrslu fyrirtækisins.

Í byrjun árs var útlit fyrir að rekstur flestra fyrirtækja í eigu Íslenskrar fjárfestinga væri „á góðu röli“, segir í ársskýrslunni, en nú sé ljóst að rekstur í ferðaþjónustu verði erfiður vegna COVID-19. „Það er þó trú okkar að þau muni koma heil út úr þessu ástandi, en taka mun tíma fyrir þau að ná fyrri styrk.“ – hvj

# Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!

## Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyr með ákominni lárétrri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.** Húsin eru fjótreist þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrr.



### Sól sumarhús 66-111m<sup>2</sup>

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins  
**108.200 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk



### Sól sumarhús 66-111m<sup>2</sup>

Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fyrirgrind með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins  
**108.200 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk



### Klassik einbýlishús 100-400m<sup>2</sup>

Klassik einbýlishús með lárétrri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánnum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins  
**114.200 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk



### Funk einbýlishús 100-400m<sup>2</sup>

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins  
**135.800 kr.**  
pr/m<sup>2</sup> m. vsk

Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.


Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

**Ný lög varðandi virðisaukaskatt**, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

HANNAÐ OG BYGGT  
FYRIR ÍSLENSKAR  
AÐSTÆÐUR



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.  
www.huseining.is sala@huseining.is

## Skotsilfur



## Hjákatlegt

**Vilhjálmur Birgisson**, formaður

Verkalyðsfélags Akraness, og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hafa sagt

að forsendur Lífskjarasamningsins séu brostnar vegna þess að ríkisstjórnin hafi enn ekki lagt bann við 40 ára verðtrygðum lánum. Þetta er hjákatlegt í ljósi þess að nær öll ný húsnæðislán eru óverðtrygð og seðlabankastjóri segir verðtrygginguna vera að deyja út. Vextir eru sögulega lágir sem gerir óverðtrygð lán eftirsóknarverðari og útlit er fyrir að þeir haldist lágir til frambúðar. Þessi árangur er ekki sjálfgefinn. Verðtryggingin er ekki mál málanna í dag en það stöðvar ekki verkalyðsleiðtogana í því að valda usla án ástæðu.



## Já, nei takk

Já Ísland dró saman seglin árið 2013 enda fengu hugmyndir samtakanna um inngöngu Íslands í Evrópusambandið



dræmar undirtektir hjá þjóðinni. En gallharðir Evrópusinnar sjá nú tækifæri í miðjum kórónufaraldrinum. Já Ísland hefur vaknað til lífsins og endurvakið baráttuna. Nú sést kostað efni á vegum samtakanna á samfélagsmiðlum en um er að ræða gamlar fréttir og skoðanagreinar sem eldast ekki vel í ljósi þess hvernig tekist hefur til á Íslandi annars vegar og evrusvæðinu hins vegar. Herferðin er ágætis áminning um það hversu gæfusöm íslenska þjóðin er fyrir að hafa ekki fylgt ráðleggingum hópsins sem að baki samtökunum stóð.

## Þjóðvaldur

Nú þegar allt stefnir í fjölda-atvinnuleysi í haust þegar hlutabótaúrræði og uppsagnarfrestir renna sitt skeið hefur



stjórnarandstaðan sett atvinnumál Þorvaldar Gylfasonar á oddinn. Hvernig má það vera þegar horfur eru á að fimmti hver maður verði án atvinnu telji þingmenn stjórnarandstöðunnar það einna mikilvægast að tryggja verkefnastöðu Þorvaldar? Hann er eflaust hæfur til að gegna starfi ritstjóra norræns tímarits um efnahagsmál. En að eyða tíma nefnda Alþingis í þetta mál er óboðleg forgangsroðun.

## Trump þvingar atvinnulífið til að ráða Bandaríkjamenn



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur sniðið innflytjendum þrengri stakk hvað varðar atvinnu til að auka atvinnustig á meðal innfæddra á tímum COVID. Stjórnendur fyrirtækja segja að það muni draga úr samkeppnishæfni landsins. Bann á útgáfu grænna korta, heimild til að dvelja um aldur og ævi í Bandaríkjunum, var framlengt til ársloka og heimild fjölda fólks sem vinnur þar var dregin til baka. Milljónir eru atvinnulausar. MYND/AFP

## Samkeppnishæfara Ísland



**Valur Þráinsson** aðalhafnisskráningur Samkeppnis-eftirlitsins

Mikil óvissa ríkir nú um framvindu efnahagsmála um heim allan. Líkt og í kjölfar hrunsins 2008 er óvissa um hvaða atvinnuvegir muni styrkja stöðir íslensks efnahagslífs til framtíðar. Jafnframt standa mörg fyrirtæki frammi fyrir sambærilegum áskorunum og þá. Í hvaða átt á að horfa í nýjum heimi? Mikilvægast er að tryggja það að ný fyrirtæki og nýjar atvinnugreinar nái að dafna. Einkageirinn og hið opinbera þurfa að róa í sömu átt til þess að bæta samkeppnishæfni Íslands.

## Hvar skórin kreppir

Í nýrri úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni 63 þjóða, sem kynnt var hér á landi í síðustu viku, má greina ýmis tækifæri til að bæta samkeppnishæfni Íslands. Niðurstöðurnar sýna að möguleikar erlendra aðila til að fjárfesta hér á

landi eru lakari en í flestum samanburðarlöndum. Hið sama á við um þann tíma sem tekur að setja fyrirtæki á laggirnar. Athugun OECD frá árinu 2018 (Product Market Regulation) bendir í sömu átt. Þar kom meðal annars fram að aðgangshindranir, sem erlendir aðilar búa við, væru hærri hér á landi en í mörgum öðrum OECD-rikkjum. Stjórnsýsluburðir (e. administrative burden) þeirra sem reka ný fyrirtæki hér á landi væri auk þess með því hæsta sem gerist innan OECD.

Könnun IMD, sem byggir meðal annars á svörum stjórnenda íslenskra fyrirtækja, gefur jafnframt til kynna að skilvirkni stórra, íslenskra fyrirtækja sé minni en í flestum samanburðarlöndunum, sem og alþjóðleg reynsla stjórnenda þeirra. Viðskiptaumhverfið hér á landi nái auk þess ekki að draga til sín mjög hæft erlent starfsfólk. Þá mælist útflutningur fábreyttur, sem gæti verið ein afleiðing af fyrrgreindum veikleikum í samkeppnisumhverfinu.

Til þess að nýir aðilar, innlendir sem erlendir, geti hafið hér starfsemi er jafnframt mikilvægt að þeir geti gengið að því visu að hér sé heilbriggt samkeppnisumhverfi. Í könnun IMD er Ísland í 39. sæti af 63 ríkjum þegar kemur að mati stjórnenda íslenskra fyrirtækja



Á Íslandi er hvað erfiðast fyrir tjónþola að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota, í evrópskum samanburði.

á því hvort samkeppnislöggjöfin sé áhrifarík til að koma í veg fyrir ósanngjarna samkeppni.

## Sóknarfærin


Með hliðsjón af framangreindum veikleikum er mikilvægt á óvissutímum sem þessum að tryggja það að nýsköpunarfyrirtæki nái að vaxa og dafna, og með því byggja undir nýjar og fjölbreyttari atvinnugreinar til framtíðar. Skapa þarf umhverfi þar sem skamman tíma tekur að setja á stofn ný fyrirtæki með lítlum tilkostnaði og umstangi, auðveldara verður að draga að hæft starfsfólk, innlent og erlent, og aðgangur að innlendu og erlendu fjármagni verður greiðari.

Þá eru ónýt tækifæri til að gera samkeppnislöggjöfina á Íslandi áhrifaríkari. Íslenska samkeppnis-eftirlitið hefur til að mynda minnstar heimildir eftirlitanna á Norður-

löndunum til þess að framkvæma húsleitir við rannsókn mála. Ekki er heldur að finna ákvæði í samkeppnislögum sem bannar atvinnurekendum sem hafa gerst itrekað brotlegir við samkeppnislög að koma að rekstri fyrirtækja, í tiltekinn, afmarkaðan tíma. Þá liggur fyrir að á Íslandi er hvað erfiðast fyrir tjónþola að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota, í evrópskum samanburði. Úrbætur af þessu tagi myndu styðja við fyrirtæki sem eru að ryðja sér til rúms.

Til að efla samkeppnishæfni og bæta lífskjör hér á landi er mikilvægt að virkt samkeppnislegt aðhald sé hvað mest. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á samkeppnislögum, en í því er ekki að finna fyrrgreindar úrbætur sem myndu stuðla að því að samkeppnislöggjöf hér á landi styddi betur við samkeppnishæfni landsins. Lögjafinn hefur því tækifæri til þess að rýna þau úrbótatækifæri sem eru til staðar og styrkja samkeppnislöggjöfina. Jafnframt er mikilvægt að stjórnvöld leiti leiða til þess að auðvelda nýjum fyrirtækjum, innlendum sem erlendum, og atvinnugreinum að vaxa og dafna. Eigendur fyrirtækja geta auk þess stuðlað að aukinni samkeppnishæfni, meðal annars með því að draga að erlenda fjárfesta og stjórnendur.

## Að auglýsa hjá knattspyrnuliðum



**Björn Berg Gunnarsson** deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Þegar rússneska ríkisfyrirtækið Gazprom hóf að styðja við bakíð á Rauðu stjórnunni í Belgrad og þýska knattspyrnuliðinu Schalke 04, mátti með góðum vilja draga þá ályktun að það tengdist mögulega gaslögnum sem leggja

átti í gegnum áhrifsvæði liðanna. Hvatinn að baki stuðningnum var í það minnsta að hluta til pólitískur. En hvað með nýriku félögin sem landa milljarðasamningum við fyrirtæki eigenda sinna? Getur verið að slíkt sé tilraun til að laumast fram hjá reglum um fjárhagslega sjálfbærni og heilbrigða samkeppni? Mögulega er það ekki tilviljun að eigendurnir séu svo oft jafnframt helstu kostunaraðilar.

Það geta altént ýmsar ástæður legið að baki ákvörðun um að kosta fótballið, og þær þurfa ekki allar að tengjast því að selja vörur eða þjónustu. En þó svo hægt sé að



Íslenskur fótballi þarf að vera betri markaðsvara svo fyrirtæki veiti liðum styrki á markaðslegum forsendum.

nefna dæmi um auglýsingar norskra veðurfréttar á keppnistreyjum Millwall og annað forvitnilegt samstarf, skyldi ætla að fótballtinn sé tilvalinn vettvangur fyrir hefðbundið markaðsstarf fyrirtækja.

Knattspyrna sem markaðsvara er á fljúgandi siglingu og fjármunirnir sem henni tengjast sómuleiðis.

Þannig hefur fjárhæð kostunar enskra úrvalsdeildarliða, sem dæmi, hækkað um 14% að raunvirði árlega undanfarið áratug. Kostun skilar tæpum þriðjungu tekna efstudeildarliða í Evrópu og riflega fjórðungi hér á landi. Þetta er því mikilvægur tekjustofn og að honum þarf að hlúa. Af því tilefni hripaði ég niður lítið ritgerðarkorn á dögnum þar sem kostun íslenskra knattspyrnuliða var í kastljósinu. Þar kom upp úr krafsinu að til íslenskra fyrirtækja sé litinn stuðningur að sækja, nema þar sem persónuleg tengsl eru til staðar og þegar einhverjir aurar skila sér, er það á ansi áhugaverðum forsendum.

Nær alfarið eru slíkir styrkir veittir í nafni samfélagslegrar ábyrgðar, en ekki í von um markaðslegan ávinning. Eftir því sem ferlar og formlegheit aukast innan fyrirtækja, hvað auglýsingar og styrkveitingar varðar, virðist auk þess minna í boði fyrir félögin. Á meðan svo er gætu vaxtarmöguleikar félaganna verið takmarkaðri en ella og það er bæði óþarfi og óheppilegt.

Íslenskur fótballi þarf að vera betri markaðsvara svo fyrirtæki veiti liðum styrki á markaðslegum forsendum. Það er ekki sjálfbært til lengri tíma að treysta nær alfarið á persónuleg tengsl.

# SUMARTILBOÐ

# SAMSUNG

20-30% AFSLÁTTUR Á VÖLDUM SAMSUNG HEIMILISTÆKJUM

27%  
AFSLÁTTUR



SAM-RR39M7010WWEE

KÆLISKÁPUR 185CM

**TILBOÐ 79.995**

ÁÐUR 109.995

25%  
AFSLÁTTUR



SAM-RZ32M7000WWEE

FRYSTISKÁPUR 185CM

**TILBOÐ 89.995**

ÁÐUR 119.995

29%  
AFSLÁTTUR



SAM-RB37J5000WWEF

KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI 201CM

**TILBOÐ 84.995**

ÁÐUR 119.995

30%  
AFSLÁTTUR



SAM-RB33J3215WWEF

KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI 185CM

**TILBOÐ 69.995**

ÁÐUR 99.995

20%  
AFSLÁTTUR



SAM-GE87MCXEE

ÖRBYLGJUOFN 23L

**TILBOÐ 15.995**

ÁÐUR 19.995

24%  
AFSLÁTTUR



SAM-MS28J5255UWEE

ÖRBYLGJUOFN 28L

**TILBOÐ 18.995**

ÁÐUR 24.995



Heimilistæki

## SKOÐUN

Þórður  
Gunnarsson



## Innflutt mengun

Ríkisstjórnin tilkynnti í gær að 46 milljörðum króna yrði varið í að draga úr losun koltvísyrings á Íslandi. Um er að ræða viðamikinn aðgerðapakka, sem mun án vafa kalla á stofnun fjölmargra starfshópa. Fjöldi gagnlegra fundu verður eflaust haldinn, til að tryggja framgang loftslagsáætlunarinnar.

Til að mynda stendur nú til að banna notkun á svartolíu, sem er löngu tímabær aðgerð og í raun algjör vanræksla af hálfu stjórnvalda að hafa beðið svo lengi með það. Þó að nú minnki sennilega hvati þeirra sem gera út skemmtiferðaskip til að koma hingað til lands. Því bannað er að brenna svartolíu innan efnahagslögsögu nánast allra Evrópuríkja, nema Íslands. Því hefur það borgað sig að taka stímið til Íslands, fylla dallinn af brennisteinsríkri og hræðýrri svartolíunni og taka rúnt í kringum landið.

Einnig verður unnið að því að hafa áhrif á fóðrun búfæna, til að draga úr iðragerjun hans. Dregið verður úr kjötneyslu opinberra starfsmanna, með breyttri innkaupastefnu mótuneyta. Ekki er tekið fram í loftslagsáætluninni hvaða áhrif aukin grænmetisneysla gæti haft á iðragerjun opinberra starfsmanna. Tíminn einn mun leiða það í ljós.

Í nýju loftslagsstefnunni er á nokkrum stöðum talað um losun á beinni ábyrgð Íslands, og losun sem tilheyrir hinu svokallaða ETS-kerfi – hinu samevrópska kerfi um upprunaábyrgðir raforku. Klifað er á aðskilnaði milli losunar á beinni ábyrgð Íslands og þeirrar sem fellur undir ETS-kerfið á nokkrum stöðum í loftslagsstefnunni, til að mynda í kaflanum um rafvæðingu við framleiðslu fiskimjols. Loftslagsáætlunin tekur eingöngu til þess sem stendur utan ETS-kerfisins.

Þarna liggur hundurinn grafinn. Því að með sölu upprunaábyrgða úr landi gera Íslendingar öðrum kleift að menga. Nánast öll orka er framleidd með endurnýjanlegum hætti á Íslandi, en upprunaábyrgðir eru seldar úr landi, sem þýðir að í hinu alþjóðlega kolefnisbókhaldi er Ísland að taka á sig losun annarra. Annars værum við ekki að fá borgað fyrir sölu upprunavottorða. Ef hægt er að finna 46 milljarða til að verja til framkvæmdar loftslagsáætlunar, þá ætti að vera hægt að bæta orkufyrirtækjunum upp tekjutap, myndu þau hætta að selja upprunaábyrgðir.

Tekjur íslenskra orkufyrirtækja af sölu upprunaábyrgða nema á bilinu 1-1,5 milljörðum á ári. Skilvirkasta loftslagsaðgerðin væri einfaldlega að hætta sölu þessara ábyrgða, enda er það þyngra en tárur taki að verkfræðiljóð á borð við Kárahnjúkavirkjun hafi risið með miklum tilkostnaði og náttúruförnum, svo að grútskitug brútkol fái áfram að fuðra upp á meginlandi Evrópu.

## Greiðir hluthöfum 2,9 milljarða

Framtakssjóður Íslands greiddi hluthöfum 2,9 milljarða króna í ár. Um var að ræða 1,6 milljarða arðgreiðslu og hlutafé var lækkað með 1,3 milljarða króna útgreiðslu til hluthafa. FSÍ hagnaðist um 1,2 milljarða í fyrra samanborið við 395 milljónir árið áður. Lífeyrissjóðir eiga sjóðinn að mestu, Landsbankinn á 18 prósent hlut og VÍS 0,6 prósent.

Framtakssjóðurinn var stofnaður við lok árs 2009. Hann fjárfesti á



Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands.

starfstíma sínum í níu fyrirtækjum fyrir um 43,3 milljarða króna. Fyrirtækin hafa öll verið seld og í apríl var söluverð þeirra innleyst að mestu leyti. Eftir aðalfund félagsins 2020 hefur sjóðurinn frá stofnun greitt eignum sínum til baka 91,5 milljarða króna.

Innri ávöxtun sjóðsins er 23 prósent á ári. Áætlað er að starfsemi FSÍ verði að fullu lokið í febrúar 2021.

Á meðal vel heppnaðra fjárfestinga má nefna Icelandic Group, Icelandair og Vodafone. – hvj

17.06.2020

Þó ég vilji ekki hnýta í ferðapjónustu, er það samt þannig að ef við breytumst alfarið í ferðapjónustuland þá er framlegðin ekki næg til þess að halda þessum lífsgæðum.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar



## Bókhald & laun

# Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á [www.pwc.is/bokhald](http://www.pwc.is/bokhald)

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar







Brjóstagjöf getur verið krefjandi, ekki sist fyrstu dagana. Þá verður mikið álag á geirvörtunarnar við sog barnsins sem leitt getur til sárinda og jafnvel sýkingar sem krefst meðhöndlunar.

# Fyrir velliðan móður og barns

Multi-Mam býr yfir einstökum úrræðum til að meðhöndla og fyrirbyggja óþægindi í geirvörtum og við tanntöku barna. Vörurnar virka samstundis og í þeim eru einungis náttúruleg innihaldsefni.

**B**rjóstagjöf er mjög mikilvæg bæði fyrir móður og barn. Brjóstamjólkin er besta næring sem nýfædd börn fá, hún er sérniðin handa þeim frá náttúrunnar hendi og gefur börnum fullkomna næringu og orku, að minnsta kosti fyrstu 6 mánuðina. Brjóstamjólkin örvar einnig ónæmiskerfið og veitir barninu vörn gegn sýkingum. Þar að auki eflir brjóstagjöfin tengsl milli móður og barns,“ segir Esther Ýr Kjartansdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Alvogen.

„Stundum getur brjóstagjöfin verið krefjandi, sérstaklega fyrstu dagana. Mikið álag er á geirvörtuna við sog barnsins, sem hefur áhrif á húðvef geirvörtunnar og getur leitt til sárinda og sprungna á geirvörtusvæði. Þetta getur jafnvel leitt til sýkingar sem krefst meðhöndlunar,“ upplýsir Esther Ýr.

Þegar geirvörtur verða sárar, aumar og sprungnar, er mikilvægt að koma í veg fyrir sýkingar og tryggja hraðan sárgróanda.

„Einnig er mikilvægt að draga úr verkjum og bólgu í brjóstum til að bæta þægindi móður, svo hún geti haldið áfram með barn á brjósti. Margar mæður hætta með barn á brjósti fyrr en þær hefðu kosið, vegna verkja og óþæginda sem þær finna fyrir við brjóstagjöf,“ segir Esther og heldur áfram:

„Besta leiðin til að koma í veg fyrir sprungur og sár á geirvörtum er að fyrirbyggja vandamálið með notkun græðandi krema eins og Multi-Mam Balm, eða með því að nota Multi-Mam Kompresser sem eru bæði græðandi, kælandi og draga einnig fljótt úr sársauka.“



Multi-Mam kompressur.

## Tanntaka

Tanntaka ungbarna hefst oftast við sex mánaða aldur og henni geta fylgt ýmis einkenni, svo sem þirringur, aukin munnavatnsmýndun, kláði og óþægindi í tannholdi. Einnig getur sýking komið í slímhimnu gómsins þegar tónnin er að brjótast í gegn og því getur fylgt hiti. Multi-Mam Babydent er bragðlaust tanngel, sem virkar fljótt og dregur úr bólgu og sársauka.

## Multi-Mam kompressur

Kompressur eru ætlaðar mæðrum sem þjást af vandamálum vegna brjóstagjafar, svo sem sárum, aumum, sprungnum og bólgu geirvörtum.

„Kompressurnar eru gegndreyptar lífvirku geli sem inniheldur 2QR-efnasambandið. Þetta efnasamband er einkaleyfisvarið og unnið úr Aloe Barbadensinsplöntunni sem hefur lengi verið þekkt fyrir sína græðandi eiginleika,“ útskýrir Esther Ýr.

Multi-Mam Kompresser er skráð lækningatæki, sem þýðir að virkni þess hefur verið sönnuð með klínískum rannsóknum. Kompressurnar hafa ýmsa jákvæða eiginleika, svo sem:



Multi-Mam smyrslir á geirvörtur.

- Kælandi og græðandi áhrif. Þetta er eina varan á markaði sem bæði er kælandi og græðandi á sama tíma.
- Draga fljótt úr sársauka í geirvörtum.
- Styðja við náttúrulegan sárgróanda.
- Minnka líkur á sýkingum eins og brjóstabólgu.

„Mælt er með að nota kompressurnar eftir brjóstagjöf, minnst tvisvar á dag. Kompressurnar eru einnota, en hægt að nota sömu kompressuna innan dags og henda svo í lok dags. Einnig er hægt að klippa eina kompressu í tvennt svo hún passi á báðar geirvörtunarnar,“ útskýrir Esther Ýr.

„Gelhið kompressunnar er látin hvíla á geirvörtunni eins lengi og þörf krefur, en í að minnsta kosti 10 mínútur. Ekki þarf að þurrka umfram gel af geirvörtum fyrir brjóstagjöf, það er skaðlaust fyrir barnið,“ segir Esther Ýr um Multi-Mam kompressur sem hægt er að geyma í ísskáp til að auka kæliáhrifin.

## Multi-Mam Balm

Multi-Mam Balm er smyrslir ætlað



Multi-Mam tanngel fyrir tanntöku.

konum með barn á brjósti.

„Í stað ullarfeiti inniheldur smyrslid oliur úr jurtaríkinu, sem gerir það að verkum að smyrslid klístrast ekki heldur frásogast auðveldlega inn í húðina. Það er því þægilegra í notkun en mörg önnur brjóstasmyrslir á markaðnum,“ upplýsir Esther Ýr.

Smyrslid er lyktar- og bragðlaust og algjörlega skaðlaust fyrir barnið. Það:

- Verndar geirvörtusvæðið fyrir og á meðan brjóstagjöf stendur.
- Veitir raka og kemur í veg fyrir myndun sprungna.
- Heldur geirvörtusvæðinu mjúku, sveigjanlegu og heilbrigðu.

Nota má smyrslid eftir þörfum hvers og eins, en mælt er með að nota það minnst tvisvar á dag.

## Multi-Mam Babydent

Multi-Mam Babydent er fljótverkandi, bragðlaust tanngel, sérstaklega ætlað börnum í tanntöku. Það inniheldur virka efnið 2QR.

„Tanngelid dregur hratt úr bólgu og sársauka tengdum tanntöku

Besta leiðin til að koma í veg fyrir sár og sprungur á geirvörtum er að fyrirbyggja vandamálið með notkun græðandi og kælandi krema frá Multi-Mam sem einnig draga fljótt úr sársauka.

Esther Ýr  
Kjartansdóttir



ásamt því að hamla vöxt skaðlegra baktería á öruggan og náttúrulegan hátt. Einnig styður gelið við náttúrulegan sárgróanda. Það virkar strax og kælir og róar tannholdið. Gelið inniheldur eingöngu náttúruleg efni og engin staðdeyfandi lyf,“ upplýsir Esther Ýr.

Multi-Mam Babydent tanngelid er skráð lækningatæki, sem þýðir að virkni þess hefur verið sönnuð með klínískum rannsóknum.

„Gelið er borið á viðkvæmt tannhold eins oft og þörf krefur. Til að hámarka áhrif ætti ekki að gefa barninu að drekka í 30 mínútur eftir notkun og til að auka kæliáhrifin er best að geyma gelið í ísskáp,“ segir Esther Ýr.

Multi-Mam vörur eru fánlegar í öllum helstu apótekum landsins. Allar nánari upplýsingar um Multi-Mam á alvogen.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar til sölu



#### FLOTTUR FERÐABÍLL

VW Caddy diesel 5 manna, ek. 215þ. skoðaður 21" 5 girja. Topp bíll. Gott verð 990 þ. uppl. 820-5181.

### Bílar óskast

#### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

### Húsbílar



#### ÓDÝR HÚSBÍLL.

Benz 309 1981 diesel, ekin 230þ. km. original innrétting, sendi myndir. verð 450þ. uppl. 820-5181

### Hjólhýsi



#### HJOLHYSI.COM

Trigano uppblásin fortjöld á frábæru verði.

Frá framleiðanda með 85 ára reynslu!

Lima 300 Verð: 149.000 kr.

Passar einnig vel á 9-12 feta fellihýsi. Innifalið í verði: Pakklæðning, gólfteppi, svuntur, pumpa, stangir, hælur og taska.

Opið 11-18.

Bæjarhraun 24

Sími: 8634449

Netfang: www.hjolhysi.com

kriben@simnet.is

www.facebook.com/hjolhysi

## Þjónusta

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafn., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

**STIGA**  
Einstök gæði

**Stiga Estate Pro 9122 XWSY**  
Sjálfskiptur lúxus slátturtraktor, 4WD  
B&S 8240 Intek motor, 13,1kW  
Sérstyrkt sláttuborð, 360 ltr. graskassi  
Frábær traktor í erfiðan slátt

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Skólar & Námskeið

### Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**  
Lærðu að sigla seglskútu, námskeið fyrir börn og fullorðna.  
Siglingafélag Reykjavíkur -  
www.brokey.is -  
brokey.felag.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir manni í húsviðgerðir, múr og máln. Einhver reynsla æskileg. Uppl: 618 5286 Þórður.

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Til sölu

**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is

**geiri**  
www.geirihf.is

## blendtec

### Blandarar fyrir fyrirtæki



#### Blendtec Stealth 885

Spacesaver - sérstaklega hannaður til að taka litið borðpláss - Kraftmikill 1800W 3,8HP blandar allt að 150 drykki á dag. - BPA fritt plast í könnu - 30 prógrómm fyrir mismunandi blönduferla 3ja ára ábyrgð



#### Blendtec Stealth 885

Hljóólátasti blandari í heimi - 200 drykkir á dag - Sigurvegari. árið 2013. Öflugur motor 1800W 3,5HP blandar hann hratt og vel. - Hljóvörmin skapar betra vinnuumhverfi - BPA fritt plast í könnu - 42 stillingar fyrir mismunandi blöndur - 6 snertitakkar sem hægt er að forstillast inn mismunandi blöndur. - 3ja ára ábyrgð

**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is

**geiri**  
www.geirihf.is

**STÓRELDHÚS**  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

**Straumur**

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

## Tilkynningar

# Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

## Auðbrekka – Þróunarsvæði. Breytt deiliskipulag. Nýbýlavegur 2-12, svæði 1

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Auðbrekku – Þróunarsvæði; Nýbýlavegur 2-12 (svæði 1). Skipulagssvæðið sem er um 2 ha að stærð afmarkast af Skeljarekku við Hafnarfjarðarveg til vesturs, íbúðarbyggð Lunda til norðurs og Nýbýlavegi 14 til austurs og Dalbrekku til suðurs. Umrædd deiliskipulagsbreyting nær til lóðanna að Nýbýlavegi 2-12. Í breytingunni felst að fallið verði frá sameiginlegri lóð húsanna að Nýbýlavegi 2 til 12 undir niðurgrafna bílageymslu og að lóðarmörk breytist og lóðir stækka í samræmi við það. Að Nýbýlavegi 4, 6 og 8 er fallið frá að heimila samtals 46 íbúðir og í stað þess gert ráð fyrir 4.600 m<sup>2</sup> í nýju atvinnuhúsnæði. Að Nýbýlavegi 6 er gert ráð fyrir einni íbúð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á heildarbyggingarmagni, fjölda bílastæða og hæð húsa á umræddum lóðum miðað við gildandi deiliskipulag. Að Nýbýlavegi 10 verður fallið frá áætlun um atvinnuhúsnæði í suðurhluta byggingarreits og veitt heimild fyrir 33 íbúðum auk bílageymslu og stoðryma í kjallara. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni eftir breytingu verður 80 íbúðir. Heildarflatarmál eykst í 10.615 m<sup>2</sup> og hluti byggingarreita hækkar um eina hæð. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 2.9 í 3.1 og fjöldi bílastæða eykst úr 92 í 114 stæði eða 1.3 bílastæði á íbúð. Að Nýbýlavegi 2 og 12 eru ekki ráðgerðar aðrar breytingar en lóðarstækkun. Heildarstækkun lóða á Nýbýlavegi 2-12 verður 4.417 m<sup>2</sup>. Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 22. apríl 2016 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 23. maí 2016 m.s.br. samþykkt í bæjarstjórn 22. maí 2018 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 6. júní 2018. Tillagan er sett fram á upprætti í mkv. 1:1000 (A1) dags. 18. maí 2020 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskilmálum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn 19. ágúst 2020.



## Kópavogsbær

Skipulagsstjóri Kópavogs

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Fasteignir

## Tilkynningar




Sigrún Ragna  
Sigurðardóttir  
Lögjiltur  
fasteignasali  
Sími: 773-7617  
sigrun@tingholt.is

## GULLSMÁRI – 60 ára og eldri



## Opið hús miðvikudag 24. júní 17:00-17:30

Tveggja herbergja íbúð í Gullsmára 9, 220 Kópavogi.

Um er að ræða íbúð fyrir 60+ með tengingu við þjónustukjarna félags eldri borgara þar sem m.a. er hægt að fá heitan mat.

Eignin er laus við kaupsamning.

Nánari uppl. veitir Sigrún Ragna lögg. fast. í s: 773-7617.

Frítt verðmat – vantar allar gerðir eigna á skrá

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 822 5588 | tingholt.is

## Atvinna

## Fjallableikja ehf. – Stöðvarstjóri

Óskar eftir að ráða stöðvarstjóra til að stjórna eldisstöð fyrirtækisins sem er staðsett á Hallgeirshólum í Grímsnesi.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu er bent á að skila umsóknum fyrir 29. júní inn á netfangið: [gositre@gmail.com](mailto:gositre@gmail.com)

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

lind@fastradningar.is  
mjoll@fastradningar.isFAST  
Ráðningar

www.fastradningar.is

## Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

## Glaðheimar vesturhluti. Breytt deiliskipulag.

